

# ÁRSSKÝRSLA BLINDRAFÉLAGSINS

Samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi

FYRIR STARFSÁRIÐ 2010 – 2011



<b>Skýrsla stjórnar</b> . . . . .	5
<i>Stjórn félagsins</i> . . . . .	5
<i>Talgervlaverkefnið</i> . . . . .	6
<i>Réttindalögmaður Blindrafélagsins</i> . . . . .	11
<i>Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks</i> . . . . .	12
<i>Útgáfumál</i> . . . . .	12
<i>Samstarfsfundir stjórnar, deilda og nefnda Blindrafélagsins</i> . . . . .	12
<i>Nýr Styrktarsjóður – Stuðningur til sjálfstæðis</i> . . . . .	12
<i>Samfélagslampi Blindrafélagsins</i> . . . . .	14
<i>Alþjóðlegi sjónverndardagurinn</i> . . . . .	14
<i>Alþjóðlegt samstarf</i> . . . . .	15
<i>Félagsfundir</i> . . . . .	15
<i>Endurhæfingarbúð fyrir blinda og sjónskerta</i> . . . . .	17
<i>Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar</i> . . . . .	17
<i>Samtök, stofnanir og sjóðir</i> . . . . .	17
<i>Stefnumótun</i> . . . . .	17
<i>Menntunarsjóður til blindrakennslu</i> . . . . .	18
<b>Fjáraflanir</b> . . . . .	18
<i>Happdrætti</i> . . . . .	18
<i>Víðsjá</i> . . . . .	19
<i>Bakhjarlar Blindrafélagsins</i> . . . . .	20
<i>Fyrirtækjasöfnun</i> . . . . .	20
<i>Jóla kort</i> . . . . .	20
<i>Þríkrossinn</i> . . . . .	21
<i>Hljóðbækur</i> . . . . .	21
<i>Hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta</i> . . . . .	21
<i>Tækjaleiga</i> . . . . .	22
<b>Gjafir og styrkir til Blindrafélagsins</b> . . . . .	22
<i>Framlag Alþingis á fjárlögum ársins 2011</i> . . . . .	22
<i>Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra</i> . . . . .	22
<i>Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands</i> . . . . .	23
<i>Styrkir og gjafir frá ónefndum aðilum</i> . . . . .	23
<b>Erfðagjafir</b> . . . . .	23
<i>Arfur úr dánarbúi Dóru Sigurjónsdóttur</i> . . . . .	23
<i>Arfur úr dánarbúi Elsu Karlsdóttur</i> . . . . .	24
<i>Arfur úr dánarbúi Guðbjargar Sigurðardóttur</i> . . . . .	25
<i>Arfur eftir Lilju Guðbjarnadóttir og Jón Sæbjörn Hallgrímsson</i> . . . . .	25
<b>Veittir styrkir</b> . . . . .	26
<b>Starfsmannamál</b> . . . . .	28



<b>Viðhald og rekstur fasteigna</b> . . . . .	30
<i>Mötuneyti</i> . . . . .	31
<b>Ferðapjónusta blindra</b> . . . . .	31
<b>Valdar greinar, 35. árgangur 2010</b> . . . . .	32
<b>Ársskýrsla rágjafa á félagssviði fyrir árið 2010</b> . . . . .	34
<i>Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins</i> . . . . .	34
<i>Samstarfsaðilar</i> . . . . .	35
<i>Leiðsöguhundar</i> . . . . .	35
<b>Trúnaðarmenn Blindrafélagsins</b> . . . . .	37
<b>Ársskýrsla kynningarfulltrúa</b> . . . . .	38
<b>Opið hús 2010</b> . . . . .	38
<i>Opið hús á laugardögum</i> . . . . .	39
<b>Skýrsla aðgengisfulltrúa árið 2010</b> . . . . .	40
<b>Skýrsla æskulýðsfulltrúa og Ungblind</b> . . . . .	44
<b>Foreldradeild Blindrafélagsins 2010</b> . . . . .	45
<b>Ársskýrsla kvennadeildar veturinn 2010 – 2011</b> . . . . .	47
<b>Starfssemi RP deildar 2010 – 2011</b> . . . . .	48
<b>Starfssemi Norðurlandsdeildar</b> . . . . .	49
<b>Starfssemi Suðurlandsdeildar árið 2010</b> . . . . .	50
<b>Starfssemi bókmenntaklúbbsins veturinn 2010 til 2011</b> . . . . .	51
<b>Ferðanefnd 2010 – 2011</b> . . . . .	52
<b>Skemmtinefnd 2010 – 2011</b> . . . . .	53
<b>Tómstundanefnd</b> . . . . .	55
<b>Námssjóður Blindrafélagsins</b> . . . . .	55
<b>Sjóðurinn Blind börn á Íslandi</b> . . . . .	56
<b>Skipulagsskrá – „Stuðningur til sjálfstæðis“</b> . . . . .	56
<i>Stuðningur til sjálfstæðis – styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og</i> <i>Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi</i> . . . . .	57
<b>Blindravinnustofan</b> . . . . .	59
<i>Meginstarfsemi félagsins</i> . . . . .	59
<i>Starfsemin á árinu</i> . . . . .	59
<i>Stjórn og stjórnendur</i> . . . . .	60
<b>Stutt yfirlit yfir starfsemi Blindrabókasafns Íslands árið 2010</b> . . . . .	61
<i>Ný kerfi</i> . . . . .	61
<i>Betri bókakostur</i> . . . . .	61
<i>Pjónusta við skólastig og kynningar</i> . . . . .	61
<i>E-bækur, full-text bækur</i> . . . . .	61
<i>Alþjóðleg samstarf</i> . . . . .	62

<b>Daufblindrafélag Íslands, Ársskýrsla 2010–2011.</b> . . . . .	62
<i>Aðalfundur og stjórn</i> . . . . .	63
<i>Stjórnarfundir</i> . . . . .	63
<i>Starfsmannamál</i> . . . . .	63
<i>Félagsstarf</i> . . . . .	63
<i>Samstarf við aðrar stofnanir</i> . . . . .	63
<i>Erlend samskipti</i> . . . . .	64
<i>Kynningarstarf</i> . . . . .	64
<i>Fjáröflun og rekstur</i> . . . . .	64
<b>Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.</b> . . . . .	65



*Efri röð frá vinstri: Porkell J Steindal, Kristinn H Einarsson, Haukur Sigtryggsson, Ólafur Þ Jónsson og Sigþór U Hallfreðsson Neðri röð frá vinstri: Arnheiður Björnsdóttir, Rósa Ragnarsdóttir og Bryndís Snæbjörnsdóttir.*

## Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2010 – 2011 gerir grein fyrir helstu þáttum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins frá seinasta aðalfundi, sem haldinn var þann 13. maí 2010. Það er von mín að skýrslan gefi glögg yfirlit yfir þau málefni sem stjórnin hefur unnið að á síðasta starfsári. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

### Stjórn félagsins

Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2010 – 2011 hélt samtals 21 stjórnarfundi. Stjórnarskipan var eftirfarandi:

Kristinn Halldór Einarsson	formaður
Arnheiður Björnsdóttir	varaformaður
Sigþór Hallfreðsson	gjaldkeri
Bryndís Snæbjörnsdóttir	ritari
Haukur Sigtryggsson	meðstjórnandi
Ólafur Þór Jónsson	varamaður
Rósa Ragnarsdóttir	varamaður
Porkell Steindal	varamaður

Þær breytingar urðu á stjórn á árinu að Ágústa Eir Gunnarsdóttir sagði af sér sem varaformaður. Arnheiður Björnsdóttir var þá kosin varaformaður og Haukur Sigtryggsson færðist úr sæti varamanns í sæti aðalmanns í stjórn.

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þeir sem voru kosnir fyrir tveimur árum og eru því að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru: Arnheiður Björnsdóttir, Haukur Sigtryggsson, Ólafur Þór Jónsson og Ágústa Eir Gunnarsdóttir.

## Talgervlaverkefnið

Seinasta stjórn Blindrafélagsins samþykkti að leita allra leiða til að fram færi smíði á nýjum vönduðum íslenskum talgervli. Núverandi stjórn hélt malinu áfram og er nú svo komið að nánast er búið er að tryggja fjármögnun verkefnisins og skrifa undir samning um smíðina.

Verkefnið hefur fengið yfirskriftina:

Nýr íslenskur talgervill í þjóðareign – Bætt lífsgæði – íslensk málrækt

### Talgervill – Texti í Tal

Talgervill er hugbúnaður sem breytir texta í tal. Talgervla hægt er að keyra á ýmis konar vélbúnaði svo sem tölvum, fartölvum, sínum, hraðbönkum, mp3 spilurum og fleiru. Talgervillinn breytir texta á tölvutæku formi í upplestur. Gæði talgervla eru metin út frá því hversu góður upplesturinn er og hversu nálægt náttúrulegum upplestri. Með því að ýta á hnappinn „Hlusta“ á þessari síðu er hægt að heyra lestur talgervils (vefþulunnar Rögggu) lesa þennan texta.

### Bætt lífsgæði – Fyrir hverja?

Þetta verkefni mun hafa mikil og jákvæð áhrif á lífsgæði þeirra mörg þúsund einstaklinga sem ekki geta lesið með hefðbundnum hætti, hvort sem er vegna blindu, sjónskerðingar, lesblindu, hreyfihömlunar eða af öðrum ástæðum. Vandaður talgervill getur einnig verða öllum almenningi til bæði gagns og gamans. Nýr vandaður íslenskur talgervill mun jafnframt hafa mjög jákvæð áhrif á starfsemi Blindrabókasafns Íslands og Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Afnot af nýjum íslenskum talgervli munu verða endurgjaldslaus fyrir þá sem metnir eru að þurfa á talgervli að halda sökum fötlunar eða lesblindu.

### Íslensk málrækt

Nýr vandaður íslenskur talgervill er mjög mikilvægt sem málræktarverk-

efni. Það eru nefnilega talgervlar sem ráða því hvernig íslenska er lesin í tölvuheiminum. Öll lifandi tungumál búa yfir vönduðum talgervli. Með tilkomu góðs íslenskt talgervils er betur hægt að nýta íslenskun á ýmsum hugbúnaði sem notendur hafa orðið að keyra á ensku hingað til. Mikilvægi góðs íslensks talgervils er meðal þess sem fjallað er um í Íslenskri málstefnu, gefinni út af Menntamálaráðuneytinu árið 2009 (bls 62)

## Samstarfsaðilar

Fjölmarginir aðilar koma að þessu verkefni með Blindrafélaginu, þeir eru helstir:

- Þjónustu-og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga
- Blindrabókasafnið
- Blindravinafélag Íslands
- Íslenskur orðasjóður við Háskólann í Leipzig
- Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík
- Lionshreyfingin á Íslandi
- Félag lesblindra á Íslandi
- Máltæknisetur
- Royal national institute of blind people RNIB, Bretlandi
- Stofnun Árna Magnússonar
- Velferðarráðuneytið
- Öryrkjabandalag Íslands.

Verndari verkefnisins er frú Vigdís Finnbogadóttir

## Stjórnun verkefnisins

Verkefnið er unnið út frá hugmyndafræði verkefnastjórnunar og byggir að hluta á verkefnisstjórnunarskýrslu sem unnin var af Kristni Halldóri Einarssyni í námi í verkefnastjórnun við EHI. Eigandi verkefnisins er Blindrafélagið. Verkefnahópur og stýrihópur hafa verið starfandi fyrir verkefnið frá því sumarið 2010. Formaður verkefnishóps og verkefnastjóri er Kristinn Halldór Einarsson. Hlutverk verkefnahópsins hefur verið dagleg umsjón og framgangur verkefnisins. Aðrir í verkefnahóp hafa verið Ólafur Haraldsson framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, Birkir Rúnar Gunnarsson aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins og starfsmaður Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda sjónskerta og daufblinda einstaklinga og Hlynur Hreinsson starfsmaður og sérfræðingur Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Aðrir sérfræðingar hafa svo verið kallaðir til sérstakra verkefna innan verkefnahópsins, eins og Eiríkur Rögnvaldsson og Jón Guðnason. Formaður stýrihópsins, sem í eiga sæti full-

trúar frá öllum samstarfsaðilum, er Huld Magnúsdóttir forstjóri Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Á vettvangi stýrihópsins hafa m.a. meginskilgreiningar verkefnisins og þær kröfur sem gera þarf til nýja talgervilsins verið skilgreindar.

### **Meginskilgreiningar**

Megin skilgreiningar, þarfir og væntingum sem skilgreind hafa verið fyrir verkefnið eru:

**Gæði** – Að hlustunargæði verði eins og best þekkist í erlendum hágæða talgervlum og upplesturinn verði eins réttur og nokkur kostur.

**Notkunarvið** – Að talgervilinn geti unnið á þeim stýrikerfum sem við skilgreinum mikilvægust.

**Leyfisgjaldafyrirkomulag og eignarréttur** – Að talgervilinn verði þjóðar-eign og í vörslu Blindrafélagsins og þeir einstaklingar sem þurfa að nota talgervil og þær stofnanir sem sinna þjónustu við blinda, sjónskerta og aðra lesfatlaða fái talgervilinn endurgjaldslaust.

**Áframhaldandi þróun** – Að hægt verði að þróa talgervilinn áfram í samstarfi við aðila á Íslandi, svo sem eins og Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

**Sveigjanleiki** – Að hægt verði, í samstarfi við framleiðanda, að flytja talgervilinn yfir á ný tæki og stýrikerfi þegar þau ná útbreiðslu og almennum vinsældum, eða uppfylla áður óuppfyllta þörf fatlaðra hvað varðar aðgengi að upplýsinga og samskiptatækni.

### **Sérfræðingar verkefnisins**

Helstu fræðilegu ráðgjafarnir í þessu verkefni eru Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku við Háskóla Íslands og Jón Guðnason, doktor í rafmagnsverkfræði og sérfræðingur í talmerkjafræði við Háskólann í Reykjavík. Aðrir sérfræðingar eru: Hlynur Hreinsson og Birkir Rúnar Gunnarsson, báðir eru sérfræðingar í tölvuhjálpartækjum hjá Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Birkir er auk þess tölvuforritari og notandi tölvuhjálpartækja fyrir blinda og sjónskerta.

### **Framleiðandi**

Að undangengnu gæðamati og verðkönnun meðal allra helstu talgervilsframleiðenda í heiminum og út frá þeim meginskilgreiningum sem settar



voru fram fyrir nýjan íslenskan talgervil hefur pólska fyrirtækið Ivona verið valið til að smíða talgervilinn. Bresku blindrasamtökin (RNIB) hafa átt mjög gott samstarf við þetta fyrirtæki. Fyrirtækið hefur einnig verið að fá verðlaun fyrir talgervlana sína á sýningum á undanförunum árum. Frekari upplýsingar um Ivona fyrirtækið, aðferðarfræði þeirra við talgervlasmíðina, helstu samstarfsaðila, verðlaun og viðurkenningar, má finna á heimasíðu fyrirtækisins. Þar má einnig heyra hlustunardæmi frá þeim talgervlum sem Ivo software hefur eða er með í framleiðslu.

### Kostnaður og tímaáætlanir

Stefnt er að því að kynna prufu (beta) útgáfu talgervilsins á degi íslenskrar tungu 16 nóvember 2011 og talgervilinn verði síðan tilbúinn til notkunar í apríl 2012. Áætlaður framleiðslukostnaður er 495 þúsund evrur. Heildarkostnaður í íslenskum krónum er áætlaður um 80 – 85 milljónir króna. Áætlanir liggja fyrir um fjármögnun framleiðslukostnaðar og er fjármögnun nánast að fullu tryggð.

### Fjárhagslegur samanburður á talgervlum

Hér má sjá fjarhagslegan samanburð á Ivona valkostinum við þá tvo íslensku talgervla sem nú eru til, sem eru Ragga og Snorri. Ekki liggja fyrir upplýsingar um framleiðslukostnað þeirra talgervla og því vantar þær stærðir inn í samanburðinn. En bara með því að gera samanburðinn út frá núverandi leyfisgjöldum, sem þarf að greiða fyrir þá talgervla, kemur í ljós hversu hagkvæmur kostur Ivona er.

#### Grunnforsendur:

Framleiðslukostnaður: 80 milljónir

Fjöldi leyfa: 6 þúsund

#### Samanburður

<b>Snorri (Acapella)</b>	<b>Ivona</b>	<b>Ragga (Nuance)</b>
<i>Stakt leyfisgjald:</i> 130.þús kr.	0 kr.	18.þús kr.
<i>Fjöldi leyfa innifalið í framleiðslukostnaði:</i> 0	6000	0
<i>Kostnaður við 6 þús. leyfi:</i> 780 m.kr.	80.m.kr.	108 m.kr.
<i>Fjöldi radda:</i> Ein (kk)	Tvær (kk og kvk)	Ein (kvk)

## **Umsagnir um lagafrumvörp**

Á vettvangi stjórnar Blindrafélagsins hafa nokkur lagafrumvörp verið til skoðunar varðandi hvort tilefni er til þess að félagið sendi inn umsögn um frumvarpið til Alþingis:

### **Frumvarp til laga um flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga**

Almenn afstaða Blindrafélagsins til þess að flytja málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga var jákvæð. Frumvarpið gerði ekki ráð fyrir að nein breyting yrði á starfsemi Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga. Félagið lagði þó áherslu á löggildinu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði samhliða. Full löggilding sáttmálans er ekki orðin að veruleika en inn í 1. gr laga um réttindi fatlaðra er komið ákvæði sem kveður á um að við framkvæmd laganna skuli litið tekið mið af Sáttmálanum.

### **Frumvarp til laga um gæludýrahald í fjölbýlishúsum**

Þetta frumvarp var samið og lagt fram af frumkvæði Blindrafélagsins til að tryggja rétt leiðsöguhundanotenda til að halda leiðsöguhunda í fjölbýlishúsum. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 15 apríl síðastliðinn. Umrædd lagabreyting er mikilvæg réttarbót fyrir leiðsöguhundanotendur sem ekki þurfa lengur samþykki annarra íbúa í fjöleignarghúsum til að halda leiðsöguhund, en áður hafði hver íbúi neitunarvald gagnvart því að leiðsöguhundur mætti vera í fjölbýlishúsi.

### **Frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls**

Blindrafélagið hafði frumkvæði af því að óska eftir að gefa umsögn um þetta mál. Umsögnin er svohljóðandi:

„Almennt er það afstaða Blindrafélagsins að frumvarpið sé til bóta. Hins vegar saknar félagið að ekki sé hugað að réttindum blindra við setningu slíkra laga og stöðu íslensks punktaleturs (braille). Blindrafélagið telur það réttlát og eðlileg krafa að fest verði í lög að íslenskt punktaletur verði lögfest sem íslenskt ritmál þeirra sem það nota.

Í ljósi framangreinds leggur félagið til eftirfarandi breytingu á 3. gr. Frumvarpsins. Greininn fái nafnið: „Íslenskt táknmál og punktaletur.“

Við greinina bætist síðan setning sem snýr að punktalettri og verði greinin þá svo hljóðandi:

„Íslenskt táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra

*og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Það sama á við um íslenskt punktaletur sem notað er af blindum er það íslenskt ritmál þeirra sem það nota. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.*

*Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Það sama á við um rétt þeirra sem þarfnast punktaleturs vegna skerðingar á sjón. Skulu þeir njóta réttar til að læra og nota punktaletur um leið og þeir hafa getu til.”*

Blindrafélagið telur að með framangreindri breytingu væri stigið mikilvægt skref í að tryggja réttindi blindra á Íslandi. Þá leiði jafnræðis- og réttlætisrök til þess að tryggja eigi stöðu íslenskrar tungu gagnvart öllum hópum samfélagsins.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.”

Frumvarpið hefur ekki verið afgreitt.

### **Frumvarp til laga um réttindagæslu fatlaðs fólks**

Ekki var talin ástæða til að senda inn neina athugasemd við frumvarpið. Réttindagæslan sem frumvarpið mælir fyrir um er mjög víðtæk og ekki verður annað séð en að hún muni einnig geta náð til nemenda og aðstöðu þeirra og þjónustu í skólakerfinu. En það er það sem að vilji var til að yrði tryggt af hálfu Blindrafélagsins.



*Brynja Arthúrsdóttir les um gildi Blindrafélagsins á punktalettri.*

Frumvarpið hefur ekki verið afgreitt.

### **Réttindalögmaður Blindrafélagsins**

Síðast liðið haust ákvað stjórn Blindrafélagsins að bjóða félagsmönnum sem eiga í deilum sem snúa að þjónustu og réttindum sem eru tilkomin vegna blindu eða sjónskerðingar, upp á þjónustu réttindalögmanns. Samið var við Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl. Réttindalögmaður Blindrafélagsins hefur fengið til meðferðar mál 4 einstaklinga sem hafa átt í deilum við þau sveitarfélög sem þeir búa í varðandi ferðaðþjónustuúrræði og eins einstaklings vegna deilna um aðlögun aðbúnaðar í heimahúsi.

Einnig kom réttindalögmaður Blindrafélagsins að kröfugerð varðandi aðgengileika og fyrirkomulag stjórnlagabingskosninga síðastliðið haust, auk þess sem hann aðstoðað við að semja umsögn um lagafrumvarpið um Frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls.

## Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Áhersla hefur verið lög á að koma ákvæðum Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á framfæri sem víðast þegar tækifæri hafa gefist til. Sáttmálinn hefur verið nýttur til að byggja undir málflutning félagsins í réttindamálum. Formaður félagsins hefur einnig farið í skóla og kynnt sáttmálann fyrir bæði nemendum og kennurum.

## Útgáfumál

Víðsjá var gefin út tvisvar á starfsárinu og send til um 20 þúsund einstaklinga. Ákveðið var að breyta um útgáfutíma á blöðunum til að skapa betra rými fyrir fjáröflunarhlutverk blaðsins. Víðsjá er núna gefið út í febrúar og ágúst. Kjarnaumfjöllun Víðsjár sem kom út haustið 2010 snéri að umfjöllun um rannsóknir og vísindi á sviði augnlækninga. Fjöldamargt annað var jafnframt til umfjöllunar í blaðinu. Kjarnaumfjöllunin í Víðsjá sem kom út í febrúar 2011 var: Frá leikskóla til háskóla. Blind og sjónskert börn og ungmenni í skólum og hlutverk kennsluráðgjafa. Einnig var fjölmargt annað til umfjöllunar í blaðinu

## Samstarfsfundir stjórnar, deilda og nefnda Blindrafélagsins

Í september 2010 var bryddað upp á þeirri nýbreytni að boða til fundar með stjórn, fulltrúum allra deilda og nefnda og tiltekinna starfsmanna. Markmiðið var að kynna og samræma allt það mikla og fjölbreytta starf sem er innan Blindrafélagsins. Mjög góð mæting var á fundinn og almenn ánægja með hvernig til tókst. Annar fundur var síðan haldinn í janúar til að fara yfir starfið framundan fram að vori og tókst hann ekki síður vel. Á þeim fundi var ákveðið stefnan að slíkum fundum í september og janúar ár hvert til að fara yfir starfið framundan.

## Nýr Styrktarsjóður – Stuðningur til sjálfstæðis

Í kjölfar vinnu við að setja á fót styrktarsjóð í tilefni að 15 milljón króna afmælisgjöf Blindravinafélags Íslands til Blindrafélagsins, ákvað stjórn Blindrafélagsins að stefna að því að búa til einn stóran styrktarsjóð með því að sameina smærri sjóði hinum nýja sjóði. Sjóðurinn var stofnaður með áður nefndri afmælisgjöf frá Blindravinafélagi Íslands, í tilefni af 70 ára afmæli Blindrafélagsins þann 19. ágúst 2009. Þá tók sjóðurinn við Menntunarsjóði til blindrakennslu, er stofnaður var 3. maí 2007 til að styrkja fagfólk til sér-

náms sem tengist kennslu og þjónustu við blindra og sjónskerta einstaklinga, og falla allar eignir Menntunarsjóðsins til þessa sjóðs við stofnun, jafnframt því sem sjóðurinn yfirtekur allar skuldbindingar Menntunarsjóðsins. Náms- sjóður blindra rann einnig inn í sjóðinn sem og allar hans eignir. Eftirstöðvar af söfnunarfé Ungblindra, sem hefur verið nýtt til hjálpartækjastyrkja rennur einnig inn í sjóðinn. Stofnframlag sjóðsins er tæpar 37 milljónir króna.

Tilgangur sjóðsins er að veita:

- Náms-, ferða- og ráðstefnustyrki til fagfólks sem starfa með blindum og sjónskertum einstaklingum, eða að hagsmunamálum þeirra .
- Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrki til félagsmanna Blindrafélagsins.
- Styrki til félagsmanna Blindrafélagsins til kaupa á hjálpartækjum og öðrum mikilvægum búnaði.
- Verkefnastyrki til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar.

Fullt nafn sjóðsins er:

*„Stuðningur til sjálfstæðis. Styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi“*

Skipulagsskrá sjóðsins má lesa bls. 67 í þessari skýrslu.

### **Dagur hvíta stafsins**

Í tilefni af degi Hvíta stafsins, sem er 15. október ár hvert, stóðu Blindrafélagið og Þjónustu- og Þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og daufblinda einstaklinga fyrir hóp-göngu niður Laugavegin. Þjóðþekktir einstaklingar voru fengnir til að leiða gönguna og ganga með hvítan staf og sjónhermigleraugu sem líktu eftir alvarlegum sjónskerðingum. Á leiðinni var þeim falið að leysa ýmis verkefni, svo sem að taka út úr hraðbanka og fara inn í verslanir. Að göngunni lokinni var síðan efnt til kaffisamsætis í Oddfellowhúsinu, Vonarstræti 10, og þar var m.a. tónlistarflutningur auk þess sem Samfélagslampi Blindrafélagsins var afhentur í annað sinn. Mjög góð mæting



*Göngufólk á Degi hvíta stafsins, 15. október 2010*

var bæði í gönguna og kaffisamsætið, á þriðja hundrað manns. Einnig fékk viðburðurinn mikla fjölmiðlaumfjöllun.

## Samfélagslampi Blindrafélagsins

Samfélagslampi Blindrafélagsins var veittur í annað sinn á degi Hvíta stafsins 15 október. Lampinn er einstakur gripur, handsmíðaður af Sigmari Ó. Mariússyni gullsmíðameistara. Um er að ræða upphleypta lágmynd úr silfri sem sýnir lampann úr merki Blindrafélagsins. Lampinn er festur á sagaða og slípaða steinflís úr skagfirsku blágrýti. Steinflísin stendur á tveimur járnþinum á blágrýtisfæti. Á fætinum er síðan silfurskjöldur með áletrun um verkið og tilefni þess.

Tilgangurinn með veitingu Samfélagslampans er að vekja athygli á fyrirtækjum, stofnunum og/eða tilteknum aðgerðum eða verkefnum, sem með einum eða öðrum hætti hafa stuðlað að auknu sjálfstæði blindra og sjónskertra einstaklinga.

Árið 2010 samfélagslampinn veittur tveimur aðilum, Alþingi Íslendinga og Blindravinafélagi Íslands.

Eftirfarandi áletrun er á Samfélagslampanum sem var færður Blindravinafélagi Íslands:

*Stuðningur til sjálfstæðis!*

*Samfélagslampi Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi.*

*Veittur Blindravinafélagi Íslands árið 2010, fyrir frumkvæði og stuðning í 80 ár við að bæta líf blindra og sjónskertra einstaklinga*

Eftirfarandi áletrun er á Samfélagslampanum sem var færður Alþingi:

*Stuðningur til sjálfstæðis!*

*Samfélagslampi Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi.*

*Veittur fyrir farsæl og fagleg vinnubrögð við undirbúning lagafrumvarps um Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi 18. desember 2008.*

## Alþjóðlegi sjónverndardagurinn

Í tilefni af Alþjóðlega sjónverndardeginum, þann 14. október, efndu Blindrafélagið og Augnlæknafélag Ísland til málstofu þar sem fjallað var um margt af því nýjasta sem er að gerast á svið rannsókna og vísinda í augnlækningum. Sérstakur gestur málstofunnar var Dr. Weng Tao frá bandaríska fyrirtækinu Neurotech, sem er nú er með í gangi klíniskar tilraunir á þriðja stigi við að prufa meðferðir gegn RP og ellihörnun í augnbotnum (AMD).



## Alþjóðlegt samstarf

Á árinu sótti Blindrafélagið einn NSK fund sem haldinn var í Kaupmannahöfn. NSK fundur var einnig haldinn hér í Reykjavík í marsmánuði á þessu ári. Einnig sóttu fulltrúar félagsins fund í stýrihóp EBU um málefni barna, sem haldinn var í Osló.

Alþjóðlegt samstarf var einnig á vettvangi kvennadeildar, RP deildar, Ungblindar og aðgengisfulltrúa Blindrafélagsins. Sjá frekar í skýrslum þessara aðila

Blindrafélagið er þátttakandi í IVIS verkefninu, sem er norrænt verkefni sem snýst um aðgengi að samfélagsvefsvæðum, með sérstakri áherslu á Facebook. Sjá frekar skýrslu aðgengisfulltrúa.

Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðasamtökum:

- European blind Union (EBU)
- Nordisk samarbejde kommitte (NSK)
- Retina International (RI)
- World blind Union (EBU)

Blindrafélagið á fulltrúa í eftirtöldum stýrihópum innan European Blind Union:

- Low vision steering group: Kristinn Halldór Einarsson
- Childrens steering group: Inga Dóra Guðmundsdóttir

## Félagsfundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir. Fyrri fundurinn var haldinn 11. nóvember 2010 og sá síðari 7. apríl 2011.

Umfjöllunarefni félagsfundarins 11. nóvember var um gildi Blindrafélagsins. Ólafur Páll Jónsson heimspekingur fjallaði á fundinum um gildi almennt,



gildi Blindrafélagsins og hvernig þeu geta birst í starfi félagsins útá við og starfi félagsmanna innávið. Á sama tíma voru afhjúpuð veggspjöld með gildum Blindrafélagsins.

Í stefnumótun Blindrafélagsins skilgreinir Blindrafélagið sig sem mannréttindasamtök með eftirfarandi gildi sem sótt eru í meginreglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Meðal mikilvægustu gildanna í Sáttmálanum eru:

- ✓ Jafnrétti: Eykur þátttöku og færir með sér gæfu.
- ✓ Sjálfstæði: Stuðlar að virkni og ábyrgð.
- ✓ Réttýsni: Elur af sér virðingu og viðurkenningu.
- ✓ Umburðarlyndi: Stuðlar að fjölbreytileika og víðsýni.



*Vigdís Finnbogadóttir hleypti landssöfnun Lionshreyfingarinnar af stökkunum.*

Seinni félagsfundurinn var haldinn 7. apríl og var haldinn í kjölfar athafnar þar sem frú Vigdís Finnbogadóttir hleypti af stökkunum Landssöfnun Lionshreyfingarinnar, Rauðu fjöðrinni, til styrktar talgervlaverkefni Blindrafélagsins. Á fundinum var fjallað um Talgervlaverkefnið, sem hefur fengið yfirskriftina: Nýr íslenskur talgervill í þjóðareign. Bætt lífsgæði – íslensk málrækt og nýjan styrktarsjóð Blindrafélagsins sem fengið hefur nafnið: Stuðningur til sjálfstæðis.



*Guðfinnur Karlsson við eldhússtörf í endurhæfingaríbúð Blindrafélagsins.*



## Endurhæfingarbúð fyrir blinda og sjónskerta

Blindrafélagið og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hleyptu af stökkunum samstarfsverkefni sem felst í að starfrækja endurhæfingaríbúð fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga. Markmið verkefnisins er að gera blindum og sjónskertum kleift að lifa sjálfstæðu lífi og halda eigið heimili. Íbúðin er að Hamrahlíð 17, húsi Blindrafélagsins. Einstaklingar koma til að búa í íbúðinni í nokkrar vikur og spreyta sig, undir handleiðslu starfsmanns frá Þjónustu og þekkingarmiðstöðinni, á þeim verkefnum sem felast í því að búa einir.

## Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar

Á starfsárinu voru haldnir þrjú fræðslu og hvatningarfundir fyrir stjórn og starfsfólk Blindrafélagsins.

Fyrsti fundurinn var nýttur til að starfsmenn og stjórnarmenn gætu kynntu sig og þau störf og verkefni sem þeir sinna.

Á öðrum fundinum flutti Kristín Gunnarsdóttir, sjóntækjafræðingur hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni, erindi sem var afrakstur ráðstefnu sem hún sótti á s.l. ári meðal annars með styrk frá Blindrafélaginu.

Á þriðja fundinum var sýnd bandaríska fræðslumyndin „Going blind“ sem líklega verður sýnd í ríkissjónvarpinu næsta haust.

## Samtök, stofnanir og sjóðir.

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild, eða aðkomu að, eftirfarandi samtökum eða stofnunum:

- Almannaheill – samtök þriðja geirans,
- Blindrabókasafninu,
- Menntunarsjóði til Blindrakennslu,
- Sjónverndarsjóði ,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga
- Öryrkjabandalagi Íslands.

## Stefnumótun

Stefnumótun stjórnar sem samþykkt var á þar síðasta starfsári var tekin til ítarlegrar umræðu og skoðunar á vinnufundi stjórnar snemma á starfsárinu. Farið var yfir verkefnaskrána og hún uppfærð með tilliti til nýrra verkefna og framgangs eldri verkefna.

## Menntunarsjóður til blindrakennslu

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra og Blindravinafélag Íslands hafa á undanförunum árum sett mikla fjármuni í að mennta fagfólk til að koma að vinnu með blindum og sjónskertum einstaklingum. Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands standa sameiginlega að Menntunarsjóði til blindrakennslu. Sjóðurinn var stofnaður árið 2007 og er tilgangur hans að styrkja kennara og annað fagfólk til sérnáms héraendis og erlendis sem tengist kennslu og þjónustu við blindra og sjónskerta einstaklinga.

Menntunarsjóður til blindrakennslu hefur styrkt 11 einstaklinga til náms: 6 kennsluráðgjafa, 4 umferlis- og ADL-þjálfara og 1 sérkennara. Heildarupphæð styrkja er um 12,5 milljónir króna.

## Fjáraflanir

Blindrafélagið er mjög háð fjáröflunum á hinum frjálsa markaði. Menn þurfa alltaf að vera á tánum því aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök leita eftir styrkjum til fyrirtækja og einstaklinga. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni þekktra líknarfélaga. Framlög fyrirtækja mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og erfiðara er nú en áður að sækja í þeirra sjóði. Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum og hefur félagið náð að halda fjáröflunum sínum þrátt fyrir erfitt efnahagsástand.

Til að bæta utanumhald á fjáröflunum félagsins var samið við Skýrr hf. um kaup á CRM tölvukerfi sem fékkst á mjög góðum kjörum. Kerfið verður komið í fulla notkun á árinu 2011 og í það verða skráð öll samskipti við styrktarmenn félagsins sem og félagsmenn. Kerfið mun gera öll samskipti félagsins við þessa hópa mun markvissari en áður var hægt.

Snemma árs 2011 var samið við fyrirtækið Miðlun um söfnun á nýjum bak-hjörllum fyrir félagið ásamt því að fá núverandi bakhjarla til að hækka styrktargjald sitt til félagsins. Þetta átak verður unnið með úthringingum og stefnt er að því að hringja í alla núverandi bakhjarla auk þess sem hringt verður í fólk sem ekki hefur stutt félagið áður.

## Happdrætti

Happdrættið er ein helsta tekjulind félagsins. Bæði vorhappdrættið og hausthappdrættið voru með svipuðu sniði og árið á undan. Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30 – 88 ára. Þeir sem voru 60 ára og




Myndir úr lífi Svanhildar Sveinsdóttur og leiðsöguhundsins Exo.

eldri fengu bæði miða senda á pappír og með rafrænum hætti í heima-banka. Yngra fólk fékk aðeins senda rafræna miða. Samdráttur í miðasölu milli ára var um 5%. Miðaverðið var 1.939 krónur en sú tala var ákveðin til að minnast þess að félagið var stofnað árið 1939.

Þær miklu og jákvæðu breytingar í miðasölu sem urðu með breytingum á skipulagi og sölufyrirkomulagi miða árið 2009 hafa að mestu haldið sínu og nú er happdrættið þýðingarmesti tekjustofn félagsins.

## Víðsjá

Á árinu 2009 var ákveðið að hætta útgáfu Blindrasýnar sem þá hafði komið út í 18 ár. Þessi í stað kom út fyrsta tölublað af Víðsjá sem upphaflega var hugsað sem afmælisrit félagsins í tilefni af 70 ára afmæli þess. Blaðið fékk mjög góðar viðtökur og því var ákveðið að halda útgáfu þess áfram og gefa það út tvisvar árið 2010, í mars og í september. Upplagið var aukið í 17.000 eintök og blaðið sent til allra stuðningsmanna félagsins ásamt völdum hópi



Kápusiður á VÍÐSJÁ, mál gagni Blindrafélagsins.

til viðbótar. Með blaðinu fylgdi 1.000 kr. valkrafa sem fólk gat greitt, kysi það að styðja við útgáfuna. Undirtektir voru mjög góðar og 42 – 43% þeirra sem fengu blaðið sent, greiddu valkröfuna. Útgáfa Víðsjár gerði því mun meira en að standa undir sér. Hún skilaði um 6 milljón króna tekjum til félagsins.

## Bakhjarlar Blindrafélagsins

Á árinu 2010 var bakhjarlakerfi Blindrafélagsins kynnt þegar styrktarfélagum og góðvinum var boðið að gerast bakhjarlar félagsins. Einfalt félagsgjald bakhjarla er nú 3.000 kr. á ári. Á árinu innheimtust um 11,3 m.kr í árgjöld bakhjarla sem er um 500 þús. kr. aukning frá árinu á undan. Þess má gera að allir bakhjarlar sem greiddu árgjaldið voru tryggðir af félaginu gegn sjónmissi vegna slysa. Eins og áður er getið um er fyrirhugað átak í öflun nýrra bakhjarla á árinu 2011.

## Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 1.000 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu 3 árum. Send voru út bréf í júní 2010 þar sem þau voru beðin um að styrkja félagið vegna hins fyrirhugaða talgervilsverkefnis. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var um 15% minni en árið á undan og endurspeglar það erfiðar aðstæður á fyrirtækjamarkaði.

## Jóla kort

Tekjur og framlegð vegna sölu jóla korta jukust um 7 – 8% milli áranna 2010 og 2009 sem verður eð teljast óvenju gott þegar tekið er mið af stöðunni í þjóðfélaginu og mikilli samkeppni í sölu jóla korta. Þess má ennfremur geta að hefðbundin jóla kort hafa verið að missa markað á síðustu árum á sama tíma og jóla kveðjum á netinu fjölgar.



*Jóla kort Blindrafélagsins 2010.*

Á einstaklingsmarkaði voru boðin kort með myndinni „Englajól“ eftir listamanninn Marilyn Herdísí Mellk. Einnig voru boðin merkispjöld á pakka með sömu mynd. Jóla kortin þóttu einstaklega vel heppnuð.

Á fyrirtækjamarkaði voru kortin með ljósmynd af Eyjafjallajökli eftir Sigurgeir Sigurjónsson, ljósmyndara, sem þótti mjög viðeigandi.

Jólakortapakkar voru sendir út til allra bakhjarla og félagsmanna, alls um 4900 pakkar. Um 73% þeirra sem fengu pakkana greiddu þá sem teljast má frábær árangur.

## Príkrossinn

Sala Príkrossins dróst saman í krónum talið um 9% frá árinu á undan.

Framlegð af sölunni var nánast óbreytt milli ára sem merkir að meðalálagning af sölunni hefur hækkað. Verðhækkun var nokkur á árinu sem orsakast einkum af hækkandi gullverði í heiminum.

Príkrossinn er framleiddur sem hálsmen í fjórum stærðum, barmmerki, eyrnalokkar, bindisnæla, næla fyrir íslenska þjóðbúninginn og skeið og gaffall fyrir börn. Nú er verið að skoða möguleika á því að hanna nýjar gerðir af Príkrossinum og þá úr ódýrari málmum. Príkrossinn hefur verið seldur frá árinu 1989 og hefur skapað sér sess og sérstöðu á íslenskum markaði. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að ná til erlendra ferðamanna og möguleikar á markaðssetningu erlendis eru í athugun.



*Príkrossinn.*

Í janúar 2010 keypti Blindrafélagið höfundarréttinn og vörumerki Príkrossins af erfingjum Ásgeirs heitins Gunnarssonar en Blindrafélagið hefur átt mjög góða samvinnu við þau um sölu og markaðssetningu hans frá upphafi. Blindrafélagið þakkar Guðlaugu Konráðsdóttur, ekkju Ásgeirs heitins, af heilum hug fyrir frábært samstarf í yfir 20 ár og er þess fullvisst að samstarfið mun á einhvern hátt halda áfram enda hefur Guðlaug verið ópreytandi við að kynna Príkrossinn og hefja hann til vegs og virðingar.

## Hljóðbækur

Blindrafélagið selur í smásölu hljóðbækur í afgreiðslu félagsins og þar eru á boðstólum gott úrval af fánlegum hljóðbókum. Á síðasta ári nam salan aðeins um 135 þús.kr. Þessi sala hefur farið ört minnkandi og nú er óvíst hvort lengur sé þörf fyrir að félagið veiti þessa þjónustu.

## Hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta

Sala á ýmissi smávöru fyrir blinda og sjónskerta hófst fyrir um 2 árum síðan þegar félagið tók við sölu smárra hjálpartækja af Sjónstöð Íslands. Síðan hefur úrval þessarar vöru verið markvisst aukið og salan vaxið jafnt og

þétt. Einkum eru það vörur frá RNIB í Bretlandi og frá Maxi Aid í Bandaríkjunum sem hafa bæst í flóruna. Salan því sem næst tvöfaldaðist í krónum talið milli ára.

Álagningu á þessum vörum er stillt í hóf og bíður félagið félagsmönnum sínum þar að auki 25% afslátt. Félagið vill með þessu bæta framboð af þessum vörum og lítur á þessa starfssemi sem aukna þjónustu við félagsmenn fremur en að hagnast af sjálfri sölunni.

### Tækjaleiga

Á síðasta ári hófst tækjaleiga á dýrum og sérhæfðum hjálpartækjum fyrir blinda og sjónskerta. Þjónustan er fyrst og fremst ætluð fyrir skóla og stofnanir til að auðvelda þeim að verða sér út um nauðsynleg tæki til að auðvelda sjónskertum nám og störf.

Gerður er leigusamningur milli Blindrafélagsins og leigutaka sem skuldbindur sig til að leigja viðkomandi tæki í 12 – 36 mánuði. Nú hafa verið gerðir 5 leigusamningar, allir við grunnskóla á landsbyggðinni.



*Einfalt hjálpartæki fyrir blinda.*



*Unnur Þöll Benediktsdóttir notar lestæki í Hvolsvallarskóla.*

## Gjafir og styrkir til Blindrafélagsins

### Framlag Alþingis á fjárlögum ársins 2011

Eins og undanfarin ár sótti Blindrafélagið um fjárveitingu til Fjárlaganefndar Alþingis. Í desember 2010 samþykkti Alþingi fjárlög ársins 2011. Í þeim var framlag til Blindrafélagsins óbreytt frá árinu á undan, eða kr. 8.000.000. Þess skal getið að árið undan lækkaði framlag ríkisins um 20%.

### Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra

Enginn styrkur var veittur Blindrafélaginu á árunum 2009 – 2010 enda voru litlar úthlutanir til viðhaldsframkvæmda samþykktar á þeim árum.

Í árslok 2010 samþykkti stjórn Framkvæmdasjóðsins að leggja kr. 15.000.000 í talgervilsverkefni Blindrafélagsins en þá fór fram ráðstöfun á fjármunum sjóðsins en hann var lagður niður í núverandi mynd þegar málaflokkur fatlaðra var fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Umræddur styrkur var síðan greiddur félaginu í febrúar 2011. Er stjórn Framkvæmdasjóðsins færðar miklar þakkir fyrir þann skilning sem verkefninu er sýndur með þessu myndarlega framlagi við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja.

### Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Bandalagið auglýsir eftir umsóknum um styrkina og sótti Blindrafélagið um 3,5 m.kr. styrk til að fjármagna grunnþjónustu, viðhald fasteigna og framlag til talgervilsins.

Blindrafélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð kr. 1.500.000 en ástæða er að greina frá því að ÖBÍ sá, af einhverjum ástæðum, tilefni til að lækka styrkinn til félagsins um kr. 425.000 eða 22% frá árinu á undan.

### Styrkir og gjafir frá ónefndum aðilum

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum. Sumir þessara aðila vilja ekki láta nafn síns getið en félagið vill ekki láta hjá líða að senda sérstakar þakkir til óþekkts einstaklings sem færði félaginu eina milljón króna að gjöf í maí 2010.

Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

## Erfðagjafir

Starfsárið 2010 – 2011 var óvenjulegt að því leiti að þá bárust félaginu miklar erfðagjafir sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

### Arfur úr dánarbúi Dóru Sigurjónsdóttur

Í ágúst 2010 barst Blindrafélaginu tilkynning um að það tæki arf úr dánarbúi Dóru Sigurjónsdóttur sem lést í maí 2010. Dóra var eftirlifandi maki Richard P. Theodórs (f: 1920), athafnamanns og starfsmanns Reykjavíkurborgar, en hann lést í Reykjavík árið 1988. Þau Richard og Dóra, sem voru barnlaus, létu eftir sig allmiklar eignir sem þau ánöfnuðu ýmsum félögum og einstaklingum samkvæmt erfðaskrá.

Samkvæmt erfðaskránni skal ganga til Blindrafélagsins: Húseign að Laugarásvegi 44, Reykjavík. Andvirði húseignarinnar skal ráðstafað í sjóð sem varið verður til að mennta blint fólk á aldrinum 16 til 25 ára gamalt og/eða mennta fólk í þágu blindra. Sjóðurinn skal heita „Styrktar-sjóður Richard P Theódórs og Dóru Sigurjónsdóttur.“

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðilum, einum frá Blindrafélaginu, einum frá augndeild Landsspítala Háskólasjúkrahúsi og einum prófessor frá læknadeild Háskóla Íslands sem skal vera formaður sjóðsins.

Einnig kom fram í arfleiðsluskránni að Hafsteini Hafsteinssyni, hrl verði falið að sjá um skipti dánarbúsins sem eru opinber. Skiptastjóri sjái einnig um stofnun umrædds sjóðs.

Við vinnslu málsins hafa ýmsar spurningar vaknað um tilgang sjóðsins og vilja hinna látnu þar að lútandi, enda er stofn erfðaskrárinnar kominn til ára sinna. Stjórn félagsins og skiptastjóri hafa sannmælt um að 25 m.kr. af söluandvirði húseignarinnar skuli renna til talgervilsverkefnis félagsins en að öðru leiti hefur ráðstöfun söluandvirðis húseignarinnar ekki verið ákveðin. Húseignin er ennþá skráð á kennitölu dánarbúsins og þar með í vörslum skiptastjóra. Sölumeðferð eignarinnar mun hefjast í byrjun maí 2011.

Hjónin Dóra Sigurjónsdóttir og Richard P Theódórs eiga miklar þakkir skildar fyrir þann mikla hlýhug sem þau sýndu Blindrafélaginu við gerð arfleiðsluskrár sinnar. Félaginu er ekki kunnugt um að þau hafi haft sérstök tengsl við félagið eða blint og sjónskert fólk á lífsleiðinni.

Félagið minnst þeirra með virðingu og þakklæti.

### Arfur úr dánarbúi Elsu Karlsdóttur



Þann 29. ágúst 2010 lést Elsa Karlsdóttir (fædd: 1937) sem bjó síðustu æviár sín að Klapparhlíð 1 í Mosfellsbæ. Dóra var ekkja eftir Gunnar Hafstein Erlendsson (1932 – 2002). Þau hjónin voru barnlaus en Gunnar lét eftir sig son. Samkvæmt erfðaskrá ánafnaði Elsa Blindrafélaginu íbúð sína að Klapparhlíð 1. Um er að ræða 108 fermetra íbúð að fasteignarmati í desember

2010, kr. 22.800.000. Blindrafélagið fékk eignina afhenta í desember 2010 og var henni ráðstafað í Verkefnasjóð félagsins. Íbúðin hefur verið sett í sölumeðferð.



Elsa var af dönskum ættum en Gunnar Hafsteinn var tæknifræðingur að mennt sem hann lærði í Óðinsvéum í Danmörku þar sem hann kynntist Elsu. Þau bjuggu lengst af á Kópavogsbraut 87. Helstu áhugamál þeirra hjóna voru ferðalög og hundarækt var Gunnari hugleikin. Eftir lát Gunnars var blómarækt helsta viðfangsefni Elsu. Ekki eru Blindrafélaginu kunnug sérstök tengsl þeirra hjóna við blint og sjónskert fólk.

Blindrafélagið minnst þeirra Elsu og Gunnars með virðingu og þakklæti.

### Arfur úr dánarbúi Guðbjargar Sigurðardóttur



Guðbjörg Sigurðardóttir var fædd 5. ágúst 1932 og lést 14. september 2010. Hún ólst upp á Baldursgötunni og gekk í Austurbæjarskólann og var alla tíð mikil miðbæjarmanneskja. Hún útskrifaðist úr Kvennaskólanum 1950 og vann lengst af við verslunarstörf og rak meðal annars sinn eigin söluturn að Njálsgötu 23, frá 1977 – 1980. Guðbjörg lætur eftir sig 2 dætur, 5 barnabörn og 3 barnabarnabörn.

Guðbjörg ákvað að ánafna að sér látinni þriðjung eigna sinna til nokkurra félagasamtaka og var Blindrafélagið eitt þeirra félaga. Dætur Guðbjargar, þær Elísabet Sigurðardóttir og Margrét Sigurðardóttir sáu um búskipti móður sinnar í einkaskiptum. Hlutur Blindrafélagsins, 5 milljónir króna, var greiddur félaginu í mars 2011 og rann í Verkefnasjóð félagsins.

Blindrafélagið vottar Guðbjörgu Sigurðardóttir virðingu sína og þakklæti og sendir dætrum hennar, þeim Elísabetu og Margréti, samúðarkveðjur og um leið og það þakkar þeirra framgöngu við búskiptin.

### Arfur eftir Lilju Guðbjarnadóttir og Jón Sæbjörn Hallgrímsson



Árið 1980 gerðu hjónin Lilja Guðbjarnadóttir (1928 – 2003) og Jón Sæbjörn Hallgrímsson (1930 – 10. desember 2010) erfðaskrá þar sem þau ánöfnuðu Blindrafélaginu eigur sínar eftir sinn dag. Eftir lát Jóns Sæbjörns var farið að leita að erfðaskránni en frumrit hennar hefur hvorki fundist í dánarbúinu né hjá sýslumanni. Hinsvegar er afrit erfðaskrárinnar til sem staðfestir vilja hinna látnu. Slíkt afrit hefur ekkert lagalegt gildi.

Lögerfingjar þeirra Lilju og Jóns hafa ákveðið að virða vilja hinna látnu og undirritað frákall frá arfi og tilnefnt Blindrafélagið sem erfingja að

dánarbúinu. Jón lætur eftir sig íbúð að Sæviðarsundi 11, bifreið, innbú, auk bankainnistæðu. Skuldir búsin eru að sögn óverulegar. Félagið hefur boðið ættingjum hjónanna að fá í sinn hlut innbúið að hluta eða öllu leiti. Ættingi Lilju heitinnar sem starfar sem lögmaður mun annast einkaskipti á dánarbúinu.

Ákvörðun lögerfingja þeirra Lilju og Jóns ber vott um mikið veglyndi og réttσύni, einkum þegar það er haft í huga að lögmæt erfðaskrá liggur ekki fyrir.

Þeim Lilju og Jóni var ekki barna auðið en að sögn ættingja höfðu þau ekki sérstök tengsl við blinda og sjónskerta. Blindrafélagið minnst þeirra með mikilli virðingu og þakklæti.

## Veittir styrkir

Eins og undanfarin ár veitti stjórn Blindrafélagsins allmarga styrki á árinu, bæði hefðbundna úr tilgreindum sjóðum félagsins og tilfallandi styrki til sérstakra verkefna sem stjórnin ákveður að styrkja á hverjum tíma.

Af hefðbundnum styrkjum skal fyrst nefna styrki úr Námssjóði blindra.

Alls voru veittir á árinu 2010 tólf styrkir að upphæð kr. 600.000. Eftir haustúthlutun var ljóst að óbundin hluti höfuðstóls sjóðsins verður neikvæður í árslok og stefnt verði að því að jafna það út með framlagi úr Verkefnasjóði félagsins. Í ársbyrjun 2011 var ákveðið að það framlag verði kr. 400.000.

Styrkjum til fagfólks var fyrst úthlutað árið 2009 þegar Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands ákváðu í sameiningu að leggja 2 milljónir króna til þeirra. Á því ári voru úthlutaðar kr. 1.240.000 kr. Í febrúar 2010 voru slíkir styrkir aftur auglýstir. Alls bárust 6 umsóknir sem allar uppfylltu skilyrði til hámarksstyrks sem er kr. 150.000. Til að hægt verði að verða við öllum umsóknum án þess að skerða upphæðir, ákvað stjórn félagsins að Verkefnasjóður legði 140.000 kr. í pottinn og alls var því úthlutað styrkjum að upphæð kr. 900.000.

Hjálpartækjastyrkir voru auglýstir í nóvember 2010 og aðeins 2 umsóknir bárust um styrki.

Á stjórnarfundum 26. janúar 2010 var samþykkt styrkbeiðni frá EBU þess efnis að styrkja blindraskóla í Port-au-Prince á Haití um USD 1.000. Á sama fundi var samþykkt að leggja allt að EUR 2.000 til málstofu um RP (Retinitis pigmentosa) á norrænu augnlæknaþingi í Reykjavík í ágúst 2010. Einnig var samþykkt að styrkja kvennadeild félagsins sérstaklega um allt að 350.000 kr. til að sækja NKK fund í Finnlandi í febrúar.

Á stjórnarfundum 9. febrúar var samkvæmt venju úthlutað styrk til Íþróttasambands fatlaðra til greiðslu á launum fylgdarmanns á íþróttamóti erlendis. Styrkurinn að þessu sinni var kr. 50.000.

Á stjórnarfundum 30. mars var ákveðið að veita 140.000 kr. styrk til verkefnis sem unnið er af nemendum í fötlunarfræðum í HÍ og snýr að rannsóknum á stöðu fatlaðra nemenda við skólann.

Á stjórnarfundum 1. júní var samþykkt að styrkja Hlyn Þór Agnarsson um 150.000 kr. til greiðslu skólagjalda í kennaradeild Tónlistarskóla FÍH. Á sama fundi var samþykkt að félagið greiði þátttökugjald allt að 10 kvenna á fyrirhugaðri norrænni kvennaráðstefnu NKK sem haldin verður á Sólheimum í Grímsnesi í október.

Þann 7. september var samþykkt að styrkja ÞPM um 300.000 kr. til þýðingar og útgáfu á enskri fræðslubók fyrir foreldra ungra blindra og sjónskertra blindra barna.

Samþykkt var á stjórnarfundum 27. október að styrkja starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs um 100.000 kr. til að heimsækja Perkins blindraskólann í Boston. Að lokinni ferð sendu starfsmennirnir félaginu góða skýrslu og gögn um ferðina.

Í janúar 2011 var samþykkt að styrkja íþróttafélagið Fjörð í Hafnarfirði um 100.000 kr. til greiðslu á kostnaði vegna keppnisferðar félagsmanns til Malmö í Svíþjóð.

Á stjórnarfundum 27. janúar 2011 var samþykkt að styrkja Foreldradeild félagsins um 150.000 kr. til að greiða niður myndlistarnámskeið fyrir blind og sjónskert börn. Á sama fundi var samþykkt að styrkja þá Birki R Gunnarsson og Hlyn Má Hreinsson um 250.000 kr. til að sækja CSUN hjálpartækjasýninguna í San Diego en þar munu þeir félagar halda fyrirlestur.

Á starfsárinu voru greidd námskeið, ráðstefnu- og skólagjöld fyrir fáeina starfsmenn félagsins, auk þess sem nokkrir félagsmenn nutu niðurgreiðslu félagsins á fyrirlestrum og námskeiðum. Einnig var námskeiðahald á vegum PPM og annarra styrkt um óverulegar upphæðir í hvert skipti.

Úr Minningarsjóði Margrétar Jónsdóttur voru samþykktir 2 styrkir, samtals að upphæð kr. 550.000. Annar styrkurinn, kr. 50.000, var greiddur út á árinu.

Verkefnasjóður Blindrafélagsins greiddi kostnað vegna ýmissa sérverkefna sem ákveðin voru af stjórn félagsins. Nánar er vísað til ársreiknings sjóðsins sem birtur er með ársreikningum félagsins.

## Starfsmannamál

Á árinu 2010 urðu þessar breytingar helstar á starfsmannahaldi Blindrafélagsins.

Í júní 2010 lét Ágústa Eir Gunnarsdóttir af störfum sem ritstjóri Valdra greina en því starfi hafði hún gengt af og til undanfarin ár, síðast frá því í júní 2009.

Í framhaldi af starfslokum hennar var ákveðið að semja við Gísla Helgason, h.f. Hljóðvinnslunnar um að taka ritstjórn greinanna að sér í verktöku, en fyrirtæki hans hefur séð um hljóðritun þeirra og fjölföldun undanfarin ár. Ágústu eru hér þökkuð mikil og góð störf í þágu ritsins og félagsins alls.

Í mars 2010 var ákveðið að auka starfshlutfall aðgengisfulltrúa félagsins, Birkis Rúnars Gunnarssonar, úr 25% í 40%. Vegna anna í starfinu var aftur ákveðið að auka það í 50% í október 2010 og hefur það verið þannig síðan.

Æskulýðsfulltrúi félagsins, Þorkell Jóhann Steindal, var fastráðinn á árinu í 50% starfshlutfall. Í október 2010 fór hann í 6 mánaða launalaust leyfi sem nú er lokið og hefur hann því hafið störf að nýju.

Í maí 2010 var Lóa Birna Tryggvadóttir ráðin í 50% starfshlutfall á skrifstofu. Hennar starfssvið er í hjálpartækjaverslun félagsins þar sem hún sér um innkaup, vefverslun, sölu og fl. Einnig leysir hún af í afgreiðslu og fer í sendiferðir fyrir skrifstofuna.

Jón E Júlíusson hefur starfað sem aðalumsjónarmaður Opins húss um árabíl sem verktaki. Í september var hann settur á launaskrá hjá félaginu en starf hans eða starfskjör breytast ekki að öðru leiti.

Blindrafélagið þakkar öllum starfsmönnum sínum vel unnin störf á árinu og óskar þeim sem hurfu frá störfum velfarnaðar á öðrum sviðum.

Í desember 2010 störfuðu 23 einstaklingar hjá félaginu í tæpum 13 stöðugildum sem er u.þ.b. einu stöðugildi meira en árið á undan.

Þeir eru, taldir í stafrófsröð:

Birkir Rúnar Gunnarsson, aðgengisfulltrúi  
Borgný Katrínardóttir, ræstitæknir  
Brynja Arthúrsdóttir, aðaltrúnaðarmaður og kynningarfulltrúi  
Grímur Þóroddsson, húsvörður  
Hafrún Lára Bjarnadóttir, matráður  
Halla Dís Hallfreðsdóttir, trúnaðarmaður  
Haraldur Matthíasson, trúnaðarmaður  
Harpa Völundardóttir, fulltrúi í afgreiðslu  
Hildur Björnsdóttir, fjáröflunarfulltrúi  
Jón E Júlíusson, umsjónarmaður Opins húss  
Katrín Gunnarsdóttir, umsjón ræstinga  
Klara Hilmarsdóttir, ráðgjafi  
Kristinn Halldór Einarsson, formaður og alþjóðafulltrúi  
Kristín Waage, bókarí  
Laufey Fríða Hjálmarsdóttir, ræstitæknir  
Lóa Birna Tryggvadóttir, afgreiðsla og sala hjálpartækja  
Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi  
Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri  
Sigríður Guðmundsdóttir, upplesari Valdra greina  
Steinunn Hákonardóttir, félagsmálafulltrúi  
Særún Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri  
Þorkell Jóhann Steindal, æskulýðsfulltrúi  
Þórey Haraldsdóttir, aðstoð í eldhúsi

Heildarstarfsmannakostnaður félagsins árið 2010 nam 63,4 milljónum króna að meðtöldum launatengdum gjöldum.

## Viðhald og rekstur fasteigna

Á árinu 2010 var um 19 milljónum króna varið í viðhald og endurbóta á fasteignum félagsins og þar af var um 15 milljónir eignfærðar.

Helstu verkefni sem unnið var að voru:

Einni af íbúðum í Hamrahlíð 17 var breytt í endurhæfingar- og gestaíbúð en lengi hefur verið talið æskilegt að fjölga gestaíbúðum í húsinu auk þess sem engin endurhæfingaríbúð hefur staðið til boða til þessa. Ákveðið var að breyta íbúð 401 þannig að hún gæti sinnt báðum þessum þörfum. Var hún búin nýjum tækjum og húsgögnum. Þessi breyting tókst mjög vel í alla staði og var hún íbúðin formlega tekin í notkun í nóvember 2010.

Innréttingar og tæki voru lagfærð og endurnýjuð í íbúð 406 sem er ein af stærstu íbúðum í húsinu. Að því loknu tók nýr leigjandi við henni.

Pallurinn utanhúss fyrir framan samkomusalinn var múraður og sett á hann nýtt gólfefni á árinu sem var lokahnykkurinn á gagngerum lagfæringum á garðinum og austurinnanginum á 2. hæð.

Síðla árs 2010 var ákveðið að byggja yfir svalirnar fyrir framan afgreiðslu Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar á 5. hæð. Þeim framkvæmdum lauk í janúar 2011 og hefur afgreiðsla og aðkoma að stofnuninni batnað til muna enda stækkaði húsnæðið um rúma 20 fermetra við breytingarnar.

Fyrr á árinu voru salerni og gólfefni fimmtu hæðar endurnýjuð sem var hluti af leigusamningi sem gerður var við stofnunina á árinu 2009.

Á árinu var síðan unnið að því að fá byggingarleyfi fyrir þriggja hæða við byggingu ofan á bílskúrinn sem tengir nýju álmuna við þá gömlu í Hamrahlíð 17. Teikningar voru lagðar inn til bygginganefndar Reykjavíkur í desember sem ákvað að þær skyldu fara í grenndarkynningu vegna útlitsbreytinga á húsinu sem krefst breytinga á deiliskipulagi. Breytingarnar voru síðan samþykktar í mars 2011 og nú er unnið að nánari hönnun á viðbyggingunni. Það eru ASK arkitektar sem vinna verkið.

2 nýir leigjendur fluttu í húsið á árinu.

## Mötuneyti

Mötuneytið í Hamrahlíð 17 hefur nú verið rekið í rúm tvö ár eftir u.þ.b. fimm ára hlé. Ákveðið var í upphafi að neytendur skyldu greiða sem svaraði hráefnisverði fyrir matinn, annað legði félagið til. Þetta markmið hefur gengið eftir og nú borða um 25 manns að jafnaði hádegismat í mötuneytinu. Ennfremur þjónar mötuneytið Opnu húsi og öðru félagsstarfi á vegum félagsins. Matráður er Hafrún Lára Bjarnadóttir og henni til aðstoðar er Þórey Haraldsdóttir.

## Ferðapjónusta blindra

Í lok ársins 2010 voru um 463 einstaklingar, sem nýttu sér ferðapjónustuna og hefur þá notendum fjölgað um 36 á árinu. Þar af eru 74 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 21% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er kr. 50 á ferð.

Ferðum hefur fjölgað úr 35.019 í 36.297, eða um 1.278 ferðir og ferðum með 21% afslætti hefur fjölgað úr 2.063 í 3.316 eða um 1.253 ferðir. Hér fyrir neðan er yfirlit sem sýnir hvernig ferðafjöldi og kostnaður skiptist milli sveitarfélaga sem bjóða upp á sérstaka ferðapjónustu fyrir blindra:

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyri	1.115.900	1.254	839
Álftanes	140.230	125	1.222
Hafnarfjörður	848.762	726	1.132
Reykjavík	39.147.085	33.331	1.124
Seltjarnarnes	951.548	858	1.061
Kaldrananeshreppur	2.343	3	731
<b>Samtals</b>	<b>42.205.868</b>	<b>36.297</b>	<b>1.163</b>
Notendur með 21% afslátt	1.921.371	1.170	1.642

Á ofangreindu yfirliti um ferðapjónustuna og kostnað við hana sést að meðalferðin á árinu kostaði kr. 1.163 að frádregnum kostnaði notandans sem vanalega nemur einu strætófargjaldi, kr. 280. Þetta er 17% hækkun á ferðakostnaði frá 2009. Ferðakostnaður pr. ferð fyrir notendur með 21% afslátt er 1.642 kr. á ári.

Hafnarfjarðarbær greiðir Blindrafélaginu fasta krónutölu á ári fyrir ferðaþjónustu handa lögblindum íbúum Hafnarfjarðar. Þessi upphæð hefur verið óbreytt síðastliðin 3 ár. Í júní byrjun 2009 þurfti Blindrafélagið að skerða verulega fjölda þeirra ferða sem notendum stendur til boða, eða niður í átta ferðir á mánuði.

Einnig hefur þurft að grípa til þess að skerða þjónustu við íbúa Akureyrar sem njóta ferðaþjónustu blindra þar í bæ. Þar var sú leið farin, í samráði við notendur, að setja þak á kostnað við hverja ferð.. Notendur þurfa sjálfir að greiða umframkostnað ef farið er fram yfir þakið.

Blindrafélagið hefur haldið áfram að þrýsta á bæjaryfirvöld í Kópavogi, Mosfellsbæ og Árborg um ferðaþjónustu handa lögblindum íbúum þessara bæjarfélaga en án árangurs. Blindrafélagið hefur aukið þrýsting á þessi bæjarfélög. Á síðasta ári var send stjórnarsýslukæra á Kópavog þar sem réttindi eru talin brotin á notanda, m.a. með tilliti til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Það mál er nú í lögboðnu ferli.

Í ársbyrjun 2011 samþykkti stjórn Strætó b.s. að stytta þjónustutíma strætisvagnanna vegna fyrirmæla þar um frá borgarráði Reykjavíkur. Stjórnin fór þess einnig á leit við Ferðaþjónustu blindra að þjónustutíminn þar væri stytur til samræmis, enda eru ákvæði um slíkt í upphaflegum samningi um Ferðaþjónustu blindra frá 1989. Ekki var annað talið fært en verða við þessum tilmælum og var því þjónustutíminn í ferðaþjónustunni stytur frá og með 1. apríl 2011. Frá sama tíma var samþykkt að rýmka viðmiðunarþrepin milli gjaldflokka þannig að færri ferðir en áður verði reiknaðar upp. Viðmiðunarþrepin verða sem hér segir:

- Einfalt fargjald – gjald á mæli allt að kr. 3.499 (var: allt að kr. 2.999)
- Tvöfalt fargjald – gjald á mæli kr. 3.500 – kr. 4.999 (var: 3.000 – 3.999)
- Þrefalt fargjald – gjald á mæli kr. 5.000 – kr. 5.999 (var: 4.000 – 4.999)
- Fjórfalt fargjald – gjald á mæli kr. 6.000 – kr. 6.999 (var: 5.000 – 5.999)
- Fimmfalt fargjald – gjald á mæli kr. 7.000 – kr. 7.999 (var: 6.000 – 6.999) og svo frv.

## Valdar greinar, 35. árgangur 2010

Árið 2010 komu út 23 tölublöð af Völdum greinum. Heildartími: 62 klst. og 40 mínútur. Árið 2009 komu út 24 tölublöð, alls 55 klst.



Í lok júnímánaðar hætti Ágústa Gunnarsdóttir sem ritstjóri Valdra greina og var undirritaður beðinn um að taka ritstjórn þeirra að sér. Efnisval var með svipuðum hætti eins og undanfarin ár. Megináhersla er lögð á það sem tengist málefnum blindra og sjónskertra, auk þess sem lesið er úr dagblöðum og nokkrum vef og prentuðum tímaritum.



*Gísli Helgason við upptökur á Völdum greinum.*

Valdar greina eru hugsaðar sem lifandi tengiliður Blindrafélagsins við félagsmenn sína, en þær hafa fyrst og fremst fræðslu- og skemmtigildi, en lítið sem ekkert fer fyrir félagslegri umræðu á þeim vettvangi að hálfu félagsmanna Blindrafélagsins.

Ætlunin er að birta einstakar greinar úr erlendum tímaritum sem fjalla um málefni blindra og sjónskertra.

Þá var bryddað upp á þeirri nýjung að fá félagsmenn Blindrafélagsins til þess að senda efni inn á Valdar greinar, en með nútíma tækni verður það auðveldara og auðveldara. Þannig fengum við t. d. beinar lýsingar á sólstöðugöngu og svo frá ferð nokkurra félagsgarpa Blindrafélagsins sem lögðu leið sína á Hornstrandir, svo að eitthvað sé nefnt.

Víða var aflað efnis, bæði úr öðrum fjölmiðlum og af netinu. Þá voru birtar hljóðritanir af fundum og alls kyns viðburðum, sem Blindrafélagið stóð fyrir á árinu. Voru þeir fjölmargir. Mæltist slíkt mjög vel fyrir auk þess sem stöku sinnum var rifjað upp efni af gömlum segulböndum.

Mikil áhersla var lögð á að leita uppi ýmsa frumkvöðla sem stunduðu margvíslega iðn fyrr á árum og hefur heimildaöflun gengið vel. Þá hafa viðtöl við félagsmenn og bæði núverandi og fyrrverandi starfsmenn skipað háan sess á Völdum greinum.

Sú nýjung var einnig tekin upp að efni, sem kemur frá Blindrafélaginu er nú hljóðritað á skrifstofu félagsins, einkum tilkynningar. Samstarf við Blindrabókasafnið og Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðina hefur verið afar gott, sem og við Öryrkjabandalag Íslands.

Félagsmenn hafa verið óþreytandi við að hafa samband og benda á, og eða gauka að mér efni til flutnings. Kann ég öllum, bæði félags- og starfsmönnum sem hafa lagt hönd á plóginn með einhverjum hætti bestu þakkir fyrir gott og gefandi samstarf og áskrifendum þakka ég frábærar viðtökur.

Alls er áætlað að 24 tölublöð komi út á árinu. Valdar greinar eru nú ávalt aðgengilegar eins og áður á heimasíðu Blindrafélagsins.

Þegar þetta er ritað hefur núverandi lesari blaðagreina, Sigríður Guðmundsdóttir látið af störfum, en hún hefur lesið inn á Valdar greinar í rúma tvo áratugi. Ég þakka henni mjög gott og farsælt samstarf á liðnum árum.

Reykjavík, 28. mars 2011, kl. 12:01  
Gísli Helgason, ritstjóri Valdra greina.

## Ársskýrsla ráðgjafa á félagssviði fyrir árið 2010

Helstu verkefni ráðgjafa eru:

- Vinna með félagsmönnum og aðstandendum þeirra, sem vilja og/eða þurfa að breyta einhverju í lífi sínu
- Standa vörð um réttindi og hagsmuni einstakra félagsmanna og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum
- Fylgjast með þróun réttindamála
- Vinna að endurhæfingarmálum blindra og sjónskertra
- Vinna að rannsóknum á högum blindra og sjónskertra
- Halda utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins, skipuleggja fundi með trúnaðarmönnum og boða til þeirra
- Umsjón með Námsjóði Blindrafélagsins
- Umsjón með sjónum Blind börn á Íslandi

### Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins

Starfshlutfall ráðgjafa á félagssviði hefur verið u.þ.b. 60% á ári undanfarin ár. Vinnutími ráðgjafa er frá kl.9.00 – 15.00 frá mánudegi til fimmtudags að báðum dögum meðtöldum. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við ráðgjafa um hvaðeina sem á bjátar án þess að skrá sig sérstaklega í viðtal. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel en hefur haft það í för með sér að tölur um skráð viðtöl og fjölda skjólstæðinga eru ekki eins nákvæm og fyrr. Fyrir utan viðtöl sinnir ráðgjafi erindum í síma og með tölvuskeytum og fer töluverður tími í að sinna málum skjól-

stæðinga með þeim miðlum. Ráðgjafi hefur getað í æ frekara mæli vísað á trúnaðarmenn félagsins, t.d., hvað varðar móttöku nýrra félagsmanna. Með þessu fyrirkomulagi getur ráðgjafi á félagsviði einbeitt sér að þeim einstaklingum sem þurfa sérstakrar þjónustu við og haft tíma til þess að sinna fræðslu og samstarfi við þá aðili sem koma að málum þeirra.

Á árinu 2010 tók ráðgjafi á móti 58 nýjum félagsmönnum og veitti þeim viðtöl og leiðbeiningar. Auk þess veitti ráðgjafi öðrum félagsmönnum og aðstandendum þeirra 120 viðtöl og margvíslega aðra aðstoð við að fóta sig í lífinu við breyttar aðstæður. Samtals eru þetta 178 viðtöl á árinu 2010

## Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar voru stofnanir sveitarfélaga sem sjá um félagslega heimaþjónustu, liðveislu og öldrunarþjónustu, ýmsar öldrunarstofnanir, Þjónustu og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga, Tryggingastofnun ríkisins, heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, Vinnumiðlun fatlaðra, Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra, systurfyrirtæki Símans Já.is., Proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Þær breytingar urðu um áramótin að afsláttur af afnotagjöldum ríkisútvarpsins til félagsmanna féll niður þar sem ekki verða lengur innheimt afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi. Þess í stað hefur verið ákveðið að lagður verði skattur á landsmenn sem rennur til reksturs ríkisútvarpsins.

## Leiðsöguhundar

Reynslan af leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins undanfarin ár hefur verið góð og afar lærdómsrík á köflum. Á árinu 2009 skiptu tveir af hundunum um notendur þegar Friðgeir Jóhannesson ákvað að skila sínum hundi Exit aftur til Blindrafélagsins og Helgi Hjörvar var valin sem nýr notandi. Reynslan hefur sýnt að Helgi hefur ómetanlega mikil og góð not af hundinum og hefur samstarf þeirra gengið hnökralaust. Það sama er að segja um hundana Asítu sem Lilja Sveinsdóttir hefur notað og Elan sem Guðlaug Erlendsdóttir notar. Elan og Guðlaug fluttust frá Reykjavík til Akureyrar í lok ársins 2009 og hefur aðlögun þeirra að nýjum aðstæðum gengið mjög vel.



*Helgi Hjörvar og leiðsöguhundurinn Exo.*

Haustið 2009 skilaði Alexander Hrafnkelsson hundinum Exo aftur til Blindrafélagsins þar sem sjón Alexanders hafði batnað það mikið að hann taldi sig ekki þurfa lengur á hundinum að halda. Nýr notandi Exo var valin Anna Svanhildur Sveinsdóttir sem búsett er á Akranesi en Exo þurfti nokkurra mánaða endurþjálfun hjá hundabjálfa Blindrafélagsins Drífu Gestsdóttur. Samþjálfun Önnu Svanhildar og Exo hófst síðan á vormánuðum árið 2010 á Akranesi og gekk mjög vel. Það kom þó fljótlega í ljós að óánægja hafði skapast í fjölbýlishúsinu þar sem Anna Svanhildur býr og setti einn íbúinn sig mjög upp á móti veru hundsins í sambýlishúsinu. Þessi óánægja magnaðist upp við umfjöllun blaða og tímarita um málið og fór Blindrafélagið fram á það við velferðarráðherra að lögum um hundahald í fjölbýli yrði breytt á þann hátt að leiðsöguhundar væru þar undanskildir banni við hundahaldi. Breytingafrumvarp um þá lagabreytingu var lagt fram á Alþingi en hefur ekki ennþá verið samþykkt þó að segja megum að viðbrögð þingsins hafi að öllu leyti verið jákvæð. Sambýlið í fjölbýlishúsinu á Akranesi gengur betur og hefur vera hundsins í húsinu ekki valdið öðrum íbúum neinum vandkvæðum.

Ávinningur af notkun leiðsöguhunda frá á undanförunum árum hefur tvímælalaust verið mjög góð og árangursríkur. Breytingar á aðstæðum notenda í hverju tilfelli fyrir sig hafa kennt okkur að því fyrr sem gripið er inni breytingaferlið með endurþjálfun og leiðsögn fagaðila því betri verður útkoman. Heilsufar hundanna hefur verið gott og hefur mikil og góð grunnþjálfun hundanna frá upphafi skilað sér í traustum hjálpartækjum og góðum félögum fyrir notendur.

Leiðsöguhundar eru núna skilgreindir í reglugerðum sem hjálpartæki og eru þar með á forræði Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga. Unnið er að því að á Þjónustu og þekkingarmiðstöð að framhalda þróun og uppbyggingu leiðsöguhundakerfis fyrir íslenska notendur og hefur reynsla og þekking Blindrafélagsins og núverandi notenda leiðsöguhunda komið þar að góðum notum. Blindrafélagið mun halda áfram að fylgjast með þeim fjórum hundum sem eru í eigu félagsins og veita notendum leiðsöguhunda alla þá þjónustu sem þeir þurfa með. Hundar Blindrafélagsins verða 6 ára á árinu 2011 en starfsævi leiðsöguhunds er ekki löng og almennt er reiknað með því að leiðsöguhundar hætti störfum á aldrinum 10-12 ára. Það tekur langan tíma að þjálfar leiðsöguhund fyrir blinda og sjónskerta og val á hundi sem hentar viðkomandi notanda er vandmeðfarið þannig að ferlið getur tekið 2-3 ár. Það er því nauðsynlegt að halda vöku sinni á næstu misserum og fylgjast vel með því að þeir sem nota núna leiðsöguhund sér til aðstoðar þurfi ekki að bíða

óeðlilega lengi eftir nýjum leiðsöguhundi þegar hundar Blindrafélagsins eiga að hætta störfum. Einnig að og að þeir sem nú bíða eftir sínum fyrsta leiðsöguhundi þurfi ekki lengi að bíða.

## Trúnaðarmenn Blindrafélagsins

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Ennfremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta. Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi. Trúnaðarmenn mæta reglulega í „Opið hús“ Blindrafélagsins og sinna þar störfum sínum við að taka á móti félagsmönnum og veita upplýsingar um hin ýmsu málefni varðandi félagstarf og réttindi sjónskertra. Þeir hringja í alla félagsmenn að minnsta kosti tvisvar á ári til þess að fylgjast með gangi mála og veita stuðning og upplýsingar eftir þörfum. Félagsmenn Blindrafélagsins eru rúmlega 600 að tölu og eru því símtöl trúnaðarmanna hátt á annað þúsund símtala.

Aðrir trúnaðarmenn eru síðan fimm talsins og sinna einstökum málum í sjálfboðastarfi þegar þess er óskað. Reynslan af þessum breytingum hefur verið mjög jákvæð og margir félagsmenn hafa látið í ljós ánægju með betri tengingu við félagið og bættar upplýsingar um það þá þjónustu sem í boði er fyrir félagsmenn.

Sérstakur starfsdagur trúnaðarmanna var haldinn 3. desember 2010 en þá var trúnaðarmönnum sem sjá um að hringja í félagsmenn leiðbeint um aðferðir við að veita mönnum andlegan stuðning í síma. Leiðbeinandi á þessum sérstaka starfsdegi var Haukur Ingi Jónasson sálgreinir. Trúnaðarmenn voru sammála um að dagurinn hefði verið mjög lærdómsríkur og voru sammála um að margt af því sem fram kom myndi nýtast þeim vel í starfi.

Fyrirhugað er að halda hefðbundinn starfsdag trúnaðarmanna að vori þann 8. apríl 2011 þar sem fyrirlesari verður Ingrid Kuhlman og mun hún ræða um hvað læra megi um virðingu, traust og skilning af þeim færustu í samskiptum.

## Ársskýrsla kynningarfulltrúa

Starfssvið kynningarfulltrúa er að heimsækja skóla og stofnanir og veita fræðslu á áhrifum blindu og sjónskerðingar og umgengni við fólk sem þannig er ástatt fyrir. Fjallað er um hvíta stafinn, leiðsöguhunda, punktaletur og einnig eru sýnd ýmis hjálpartæki. Ef tími og aðstæður leyfa er sýnd stutt kvikmynd með Rádíusbræðrum þar sem þeir sýna hvernig á EKKI að koma fram við blint og sjónskert fólk.

Á árinu heimsótti kynningarfulltrúi reglulega Öku-skólann í Mjódd með fræðslu fyrir verðandi rútu og leigubílstjóra. Farið var í nokkra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og spjallað við nemendur í 8., 9. eða 10. bekk. Haldin var fyrirlestur fyrir starfsfólk á nýopnuðu dvalarheimili Hrafnistu við Boðarþing og einnig hélt kynningarfulltrúi fyrirlestur fyrir vistfólk á Hrafnistu í Hafnarfirði.



*Brynja Arthúrsdóttir, kynningarfulltrúi og aðaltrúnaðarmaður.*

Brynja Arthúrsdóttir, kynningarfulltrúi

## Opið hús 2010

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og er ávallt vel sótt.

Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap og eiga samverustundir með skemmtilegu fólki.

Þar eiga menn góðar stundir saman, njóta þess sem boðið er uppá í söng, upplestri, tónlist og öðru því sem á dagskrá kann að vera.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk, en þó mætir fólk þangað á ýmsum aldri.

Opið hús var með hefðbundnu sniði síðastliðið starfsár líkt og undanfarin ár, á þriðjudögum og fimmtudögum hófst það kl. 13.00 og stóð til kl. 15.00.

Umsjónarmenn Opna hússins voru Jón Júlíusson, Guðrún Ásmundsdóttir, Margrét Ákadóttir og Geirlaug Þorvaldsdóttir.

Tengiliður frá skrifstofu Blindrafélagsins var Steinunn H Hákonardóttir.

Opið hús fór í tvær dagsferðir síðastliðið vor. Sú fyrri var farin í apríl í Húsið á Eyrarbakka og að Skálholti þar sem snæddur var kvöldverður. Hin ferðin var farin í lok maí. Farið var á Snæfellsnes, ekið fyrir jökul og að lokum etinn kvöldverður í Stykkishólmi.

Haustferð var farin um miðjan nóvember að Flúðum í Hrunamannahreppi, þar drukkið kaffi við hljóðfæraleik og söng. Síðan ekið niður með Þjórsá að Eyrarbakka þar sem snæddur var dýrindis kvöldverður.

### Opið hús á laugardögum

Sjötta starfsár opna hússins á laugardögum hófst haustið 2010, en starfsemi þess hefur sífelld notnið meiri vinsælda. Opið hús á laugardögum er haldið mánaðarlega frá september til júní ár hvert. Dagskráin hefst ávalt kl. 11.00 með fyrirlestri í hvert skipti.

Leitast er við að hann sé bæði fræðandi og skemmtilegur. Kl. 12.00 er framreiddur heitur matur. Eftir matarhlé leika listamenn tónlist til kl. 14.00.

Í vetur hafa margi góðir fyrirlesarar glatt gesti. Má þar nefna Bjarna Harðarson fyrrum alþingismann, Pétur Blöndal blaðamann, Séra Hjálmar Jónsson Dómkirkjuprest, rithöfundana og sagnfræðingana Sigrúnu Pálsdóttur og Guðna Th. Jóhannesson og fleiri.

Í vetur hafa margir góðir tónlistamenn spilað og sungið fyrir gesti, hljómsveitin Baggalútur, KK og húsbandið GHG sem skipað er 3 félagsmönnum Blindrafélagsins.



*Svipmynd úr Opnu húsi.*



*Haraldur Hjálmarsson og Sigmundur Júlíusson spila í Opnu húsi.*

Umsjónarmaður opna hússins á laugardögum er Steinunn H Hákonardóttir félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins.

## Skýrsla aðgengisfulltrúa árið 2010

Fyrir þá sem vilja sjá starfslýsingu og hugleiðingar um starf aðgengisfulltrúa má benda á ársskýrslu 2009, en hlutverk aðgengisfulltrúa og eðli starfsins hefur ekki breyst að verulegu leyti síðan þá.

Árið 2010 var viðburðaríkt ár og að mörgu var að huga á sviði upplýsingatækni og aðgengis. Kjarni starfsins, ef svo má að orði komast, aðgengisúttektir og ábendingar, skrapp nokkuð saman og komu færri mál til kasta aðgengisfulltrúa á árinu en á fyrra ári. Erfitt er að segja um hvað olli þessu. Vissulega mætti vonast til þess að aðgengi hafi almennt batnað en mig grunar þó að svo sé almennt ekki. Aðgengismál reynast oft löng og mikil barátta og oft hverfur það sem lagað er aftur í fyrra horf ef ekki er fylgst með, og er hugsanlegt að vonbrigða sé farið að gæta meðal notenda, þó ég voni að svo sé ekki heldur. Milli 10 og 20 mál komu til minna kasta á árinu og flest þeirra fengu farsæla lausn. Einhver mál eru enn útistandandi og er þeim fylgt eftir af festu, um tvö til þrjú mál er að ræða, þess má geta að skýrsla þessi er rituð í byrjun febrúar 2011.

Almenn Fræðsla til vefhönnuða um vefaðgengi er mikilvægur þáttur í starfinu og var stór skýrsla um aðgengismál skrifuð fyrir samtök vefiðnaðarins (<http://www.svef.is>) sem hluti af efni fyrir Iceweb ráðstefnuna, en hún var haldin í október 2010. Hluti skýrslunnar, sem skrifuð var á ensku, birtist í yfirlitshefti sem dreift var til allra þátttakenda og var skýrslan í heild sinni einnig í boði fyrir þá sem höfðu frekari áhuga. Einnig hefur skýrsla þessi verið notuð sem ítarefni í samskiptum um einstök vefaðgengismál.

Hefur undirritaður þýtt mestalla skýrsluna og hefur velt því fyrir sér að setja hana á vefsíðu Blindrafélagsins (meira um það síðar).

Vissulega má gera meira í fræðslumálum, en hafa ber í huga að starfið er einungis hlutastarf og því nást ekki öll takmörk á einu ári, enda er starf ársins 2010 vonandi einungis grunnurinn að því sem koma skal.

Annar mikilvægur hluti starfsins er að fræða félagsmenn um nýungar og almenna þróun í aðgengistækni á heimsvísu og var Tæknimolagreinum á vefsíðu Þjónustu og Þekkingarmiðstöðvarinnar haldið úti í því augnamiði.



Þar er víða drepið niður, allt frá skýrslum um ráðstefnuferðir upp í greina-skrif um einstök tæknimál og úttektir á tækjum og forritum. Sem dæmi má nefna greinar um aðgengi og reynslu undirritaðs af iPhone símanum frá Apple, en hann var keyptur á haustmánuðum síðasta árs. Greinarnar lýsa símanum og hvernig skjálesari hans virkar í hvívetna auk þess sem tilraunir eru gerðar með einstök forrit, aðgengi og notagildi þeirra.

iPhone síminn er, án efa, vinsælasta tækið meðal blindra notenda í ensku-mælandi löndum og liggja til þess góðar ástæður, vonandi munu félags-menn á Íslandi fá tækifæri til að njóta þess sem síminn hefur upp á að bjóða í náinni framtíð.

Þó svo síminn sjálfur sé óheyrilega dýr á Íslandi má nota nýjustu útgáfur iPod Touch og iPad tækjanna á svipaðan hátt og iPhone símann, og getur fólk því notið góðs af nú þegar, sérstaklega þeir sem eiga erindi til út-landa. Vissulega eru ákveðnir hlutir sem ég tel að betur megi fara í hönnun aðgengis þessara tækja, en því er ekki að neita að hér er á ferðinni ný nálgun þar sem tæki með snertiskjá er gerður aðgengilegra en flest tæki með lyklaborð, og á Apple fullt hrós skilið fyrir vikið.

Við skrif tæknimola hef ég notið dyggrar aðstoðar Hlyns Hreinssonar, eins helsta tæknimanns og ráðgjafa Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðvarinnar, og kann ég honum góðar þakkir fyrir frábært samstarf á árinu, sem og á fyrri árum og örugglega um ókomna framtíð.

Snið tæknimolagreinana er vissulega nokkuð óhefðbundið og er því ætlað að vera óformlegra en ritmál almennt gerist, og hafa vissulega verið nokk-uð skiptar skoðanir um þau mál, en ég tel þó að almennt hafi stíllinn mælst ágætlega fyrir og að okkur takist að útskýra tiltölulega flókin og tæknileg atriði á mannamáli, sem er einmitt ætlunin með pistlunum.

Auk þessara verkefna fór mikill tími í undirbúningsvinnu vegna talgervi-lsverkefnis Blindrafélagsins. Þar má nefna einstaka þæti svo sem val á fram-leiðanda, kröfur um virkni, gæðastjórnun og samanburðarvinnu, svo ekki sé minnst á framlag til undirbúningsviðræðna og viðræðna um einstök samn-ingsatriði. Þó verður ekki farið nánar út í þá hluti hér þar sem verkefnið er leitt af formanni Blindrafélagsins og er það hans heiður að upplýsa menn um stöðu þeirra mála og framfarir þeirri sem náðst hefur í þeim efnum.

Síðast en ekki síst ber að geta alþjólegs samstarfs og ráðstefnuferða.

Á árinu fór undirritaður á fjórar ferðir vegna aðgengis- eða aðgengistækni- mála, þó ekki alfarið á kostnað félagsins.

Fyrst var farið á CSUN ráðstefnuna, sem er ein stærsta fyrirlestra og sýning- arsamkunda í tæknigeiranum og er haldin ár hvert í San Diego í Kaliforníu. Ferðin var farin á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar.

Í júní sótti ég fund ANEC sem eru neytendafulltrúastofnun EES. Ég er fulltrúi Íslands í samstarfhópi um hópi sem nefnist „Hönnun fyrir alla“ eða „Design for All“ á ensku. Hópurinn heldur fundi árlega, oftast í Brussel og greiðir stofnunin allan ferðakostnað vegna fundahalda. Mikið er rætt um rafrænar kosningar og vefaðgengi þessa daganna og er ég með puttann á púlsinum í þeim málum, jafnt sem öðrum verkefnum sem stofnunin hefur á sínum vegum eða hefur til umsagnar. Má þar sem dæmi nefna stöðlun á mynstrum sem hægt er að leggja í götur, göngustíga og lestarpallaog ætluð eru sem vegvísar fyrir blinda vegfarendur. Ekki er um eiginleg tæknimál að ræða en þó gæti ég þess að umferlisteymi Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðvarinnar viti af þessari þróun og geti skoðað hana með tilliti til hugsanlegrar notkunar hér á landi.

Í júlí fékk ég að fara á ICCHP ráðstefnuna í Vínarborg með styrkveitingu frá sjóði Blindrafélagsins og var sú ráðstefna hreint frábær. Fyrirlestrarnir voru til fyrirmyndar, umræður líflegar og margt gott hefur komið út úr ráðstefnunni, sérstaklega hvað varðar aðgengi að stærðfræði og öðrum náttúruvísindagreinum á framhalds- og háskólastigi, en slíkt nám er að taka miklum breytingum og að færast úr skólastofunni og yfir á veraldarvefinn.

Vissulega gæti það haft kosti í för með sér, en ef ekki er að gáð, og aðgengi að vefsíðum og öllu öðru námsefni er ekki fullkomlega tryggt, getur þetta valdið því að blindir og sjónskertir notendur dragist hratt aftur úr, þar sem erfitt er að veita persónulega aðstoð eins og hægt er að gera þegar viðkomandi er í sömu byggingu og kennarar og annað fagfólk.

Því er þetta afar brýnt mál og fjölþjóðleg samstaða hefur myndast um að krefjast úrbóta og stöðlunar svo hægt sé að tryggja aðgang blindra og sjónskertra að námstækifærum framtíðarinnar.

Við fórum á ráðstefnu í október um „open source“ eða opinn og ókeypis hugbúnað sem verið er að þróa á ýmsum sviðum með fulltingi Evrópusam- bandsins. Ferðin var greidd með styrk frá Evrópusamstarfinu „Grundvig“. Því miður var ráðstefnan ekki í takt við væntingar og vonir okkar sem utan

fórum. Við náðum þó að setjast niður með fulltrúa eSpeak talgervilsframleiðandans og gera nokkrar lagfæringar á íslenskuframburði hugbúnaðarins, sem ætti að gera hann brúklegri fyrir notendur okkar til framtíðar, en við bíðum spenntir eftir næstu útgáfu.

Frekari umfjöllun um allar þessar ferðir má finna í tæknimolum okkar á heimasíðunni [www.midstod.is](http://www.midstod.is).

Að lokum ber að geta hér samnorræna IVIS verkefnisins, um úttekt og úrbætur á aðgengi blindra og sjónskerta að samfélagsvefþjónustu, svosem Facebook og Twitter síðunum.

Verkefninu var lýst í ársskýrslunni í fyrra og átti að fara af stað á sumarmánudum, en vegna samstarfsörðugleika innan verkefnahópsins og manna-breytinga er staða verkefnisins og fjármögnun komin í uppnám og alls óvíst hverju fram vindur. Ber þó að geta þess að við frá Íslandi höfum staðið utan allra slíka vandræða og erum tilbúnir að leggja okkar af mörkum ef og þegar verkefnið fer í gang af alvöru, en í marsmánuði 2011 ræðst endanlega um hvort svo verði eða ekki.

Við teljum samfélagsvefi Facebook vera mjög mikilvæga samskiptamögu-leika og í framtíðinni gætu störf, nám og fleira boðist í gegnum síður á borð við Facebook. Þess vegna teljum við algjörlega nauðsynlegt að tryggja fullt aðgengi að þeim eiginleikum sem þar er boðið upp án, en til þess þarf rannsóknar og þróunarvinnu.

Þó getum við sagt að þegar hafi nokkuð áunnist, þar sem við höfum kynnst nokkrum starfsbræðrum okkar á Norðurlöndum í gegnum undirbúningsvinnuna, og er ætlunin að miðla þekkingu og reynslu, okkar á milli hvernig sem fer með verkefnið sjálft.

Síðast, en ekki síst, má geta um óformlegar þreifingar og umræður um baráttu fyrir lagasetningu um lágmarksaðgengi að vefsíðum á vegum hins opinbera og síðum aðila sem bjóða upp á almenna þjónustu.

Undirritaður ræddi málin óformlega við Öryrkjabandalagið um mitt sumar og var vilji og áhugi fyrir að skoða málin nánar og hugsanlega beita sér fyrir viðræðum við stjórnvöld um áframhaldið. Undirritaður hefur þó ekki vakið máls á þessu aftur, bæði vegna anna og einnig vegna þjóðfélags-ástandsins og þeirrar baráttu sem Öryrkjabandalagið stendur í. Hugmyndin er þó hvergi nærri gleymd og með versnandi efnahag og minnkandi þjón-

ustustigi fyrirtækja stefnir allt í að knýja þurfi fram lágmarksvefaðgengi með lagasetningu.

Vissulega er aðgengis getið í opinberri stefnu um íslenskt upplýsingasamfélag og rétt netborgarans, auk þess sem aðgengis er krafist í yfirlýsingum EES sem íslenskir ráðherrar hafa skrifað undir, og hægt er að nota þessa yfirlýsingar til að byrja með, en við verðum að sjá hvað setur og hvernig málum framvindur á þessu ári.

Einnig er ætlunin, snemma á árinu, að opna vefaðgengissíðu á blind.is og skrá þar bæði helstu mál sem verið er að lagfæra hverju sinni ásamt málum sem í brennidepli eru í aðgengismálum almennt og fleira.

Auk þess má birta þarna þýðingar af skýrslunni sem ég skrifaði auk þýðinga af alþjóðlegum leiðbeiningum um hönnun og aðgengi sem gefnar hafa verið út bæði á vegum Evrópusambandsins og veraldarvefsstofnunarinnar (W3C).

Þó ýmislegt hafi áunnist á árinu er deginum ljósara að barátta okkar í vefaðgengi er komin til að vera og er rétt að hefjast. Mun fulltrúi Blindrafélagsins ganga fram ötull og af bestu getu til þess að halda dampinum uppi, gera sitt besta, og aðeins betur ef það er það sem þarf.

Birkir R. Gunnarsson

## Skýrsla æskulýðsfulltrúa og Ungblind

Ungblind hefur komið á föstum samverustundum þar sem meðlimir hittast á kaffihúsi, fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.

Ungblind var með fulltrúa í verkefninu „Lifandi bókasafn“ sem alþjóðatorg ungmenna stóð fyrir. Lifandi bókasafn gefur þeim sem hafa áhuga, möguleikann á því að tala við alvöru manneskju sem tilheyrir ákveðnum hópi eða hefur einhverja reynslu sem þykir einstök. Markmið verkefnisins er að auka fræðslu, draga úr fávísi og sýna fram á að minnihlutahópar eru samansettir af einstaklingum. Mikil ánægja ríkti með þetta verkefni og



*Þorkell J Steindal, æskulýðsfulltrúi Blindrafélagsins.*

Því góð kynning fyrir Ungblind út í samfélagið og fyrir blindra og sjónskerta yfir höfuð.

Ungblind hefur verið í ánægjulegu samstarfi við Foreldradeild Blindrafélagsins og tekið þátt í opnu húsi og öðrum viðburðum á vegum Foreldradeildar.

Ungblind átti fulltrúa á fundi SUN samtakanna (Synskaded ungdom I norden). SUN er norrænn samstarfs- hópur blindra og sjónskertra ungmenna sem m.a hefur staðið fyrir sumarbúðum fyrir blind og sjónskert ungmenni. Á fundinum var sett saman nefnd sem vinna á að stefnu- mótun og á Ungblind fulltrúa í þeirri nefnd. Einnig hafa meðlimir úr Ung- blind tekið þátt í opnu húsi með því að skemma þátttakendum. Hefur þetta samstarf verið ánægjulegt.



*Guðfinnur Karlsson, Eyþór Þrastarson og Hlynur Þór Agnarsson taka lagið.*

Þorkell J Steindal, æskulýðsfulltrúi

## Foreldradeild Blindrafélagsins 2010

Foreldradeildin hélt sinn aðalfund á fjölskyldudegi sjóðsins Blind börn sem haldinn var í Sólheimum, 17. apríl 2010. Þar var ágæt mæting og var dag- skráin skemmtileg bæði fyrir foreldra og börn. Aðalfundinn sátu 14 foreldrar. Eftirfarandi aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins frá og með 17. apríl 2010: Páll Guðbrandsson, formaður stjórnar, Inga Dóra Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, ritari.

Á aðalfundinum í Sólheimum var ákveðið að betur þyrfti að skilgreina markmið og starf foreldradeildarinnar og var ákveðið að meginhlutverk Foreldradeildarinnar væri að:

- Vera samræðuvettvangur foreldra blindra og sjónskertra barna þar sem foreldrar geta m.a. deilt með sér reynslusögum, hagnýtum upplýsingum, tengslum, stuðningi og fleiri gagnlegum atriðum sem tengjast málefnum blindra og sjónskertra barna og foreldrum þeirra.
- Veita jafningjastuðning til foreldra blindra og sjónskertra barna.

- Standa vörð um réttindi og sérstök kjör sem standa blindum og sjónskertum börnum og foreldrum þeirra til boða.
- Vera í góðum tengslum við Þjónustumiðstöðina og Blindrafélagið, sérstaklega hvað varðar hugmyndavinnu, ráðleggingar og upplýsingastreymi um málefni sem varða blind og sjónskert börn og foreldra þeirra.

Fundargerð frá aðalfundinum er að finna á heimasíðu Foreldradeildarinnar: [www.blindborn.is](http://www.blindborn.is)

Það helsta sem nefna má úr starfi foreldradeildarinnar þetta ár er að stjórnin hefur fundað með Blindrafélaginu og Þekkingarmiðstöðinni um þær áherslubreytingar á starfi deildarinnar sem ákveðnar voru á aðalfundi. Stjórnin hefur einnig fundað ítarlega með Blindrafélaginu um útgáfu bæklinga um starfsemi og hlutverk deildarinnar og fer afrakstur þeirrar vinnu að líta dagsins ljós von bráðar.



*Mæðgurnar Vala Karen Guðmundsdóttir og Vaka Rún Þórsdóttir við jólaföndur.*

Stjórnin hefur komið á fót Facebook síðu fyrir foreldra blindra og sjónskertra barna sem hefur aukið samskipti innan hópsins og er orðið þjálft og öflugt samskiptatól í þágu deildarinnar. Þá hefur foreldraráð sent Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðinni stutt upplýsingablað um starf og markmið foreldradeildarinnar; sem Þjónustumiðstöð getur afhent foreldrum blindra og sjónskertra barna þeim til upplýsingar.

Stjórn foreldradeildarinnar setti sér þau markmið að halda minnst tvö opin hús fyrir meðlimi og var það fyrra haldið í húsaárinum Blindrafélagsins 23. október 2010 og hið seinna í Keiluhöllinni 2. apríl 2011. Um jólin var svo hin árlega Aðventuskemmtun sjóðsins Blind börn á Íslandi haldin í sal Blindrafélagsins. Mæting foreldra og barna var góð. Við það tilefni veitti sjóðurinn móttöku glæsilegum styrk frá Leonard sem safnaðist með sölu Bláliljunnar. Auk þess fjölmenntu foreldrar og börn á vorhátíð Blindrafélagsins þar sem Páll Óskar vakti ómælda lukku.

# Ársskýrsla kvennadeildar veturinn 2010 – 2011

Í stjórn eru. Arnheiður Björnsdóttir formaður, Rósa Ragnarsdóttir gjaldkeri og Heba Júlíusdóttir meðstjórnandi.

Í september var haldin norræn kvennaráðstefna NKK hér á landi að Sólheimum í Grímsnesi, og fengum við Helenu Björnsdóttur og Klöru Hilmarsdóttur með okkur í alla undirbúningsvinnu að ráðstefnunni, sem var mikill. 3. október var haldinn NKK fundur í Keflavík.

Í nóvember var Volare snyrtivörukynning þar sem fjallað var um hvernig ætti að hirða um húðina og allar konurnar fengu nudd á hendur með góðum handáburði.

Á aðventunni fengum við starfsmann Blindrafélagsins til þess að vera með vefverslun Blindrafélagsins opna og áttum síðan saman notalega stund yfir kertaljósi þar sem boðið var upp á osta og kex og hægt að kaupa sér bæði rauðvín og hvítvín á vægu verði.

Í janúar voru gestir fundarins Freyja Haraldsdóttir framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar svf., og Ágústa Gunnarsdóttir gjaldkeri miðstöðvarinnar. NPA stendur fyrir notendastýrða persónulega aðstoð. NPA miðstöðin er samvinnufélag í eigu fatlaðs fólks sem stofnað var í júní 2010. Freyja ræddi um reynslu sína af því að hafa haft notendastýrða persónulega aðstoð síðastliðin tvö ár og muninn á því fyrirkomulagi annars vegar og því að vera algjörlega háður þjónustu frá hinu hefðbundna opinbera þjónustukerfi hins vegar. Notendastýrð persónuleg aðstoð byggist á því að notandinn fær beingreiðslur frá sínu sveitarfélagi og getur síðan ráðstafað þeim fjármunum að vild, ráðið til sín aðstoðarfólk og skipulagt aðstoðina sjálfur Ágústa sem ekki hefur þessa NPA þjónustu, ræddi drauma sína um að hafa hana og varpaði fram nokkrum mikilvægum röksemdum fyrir því að sjónskert og blint fólk þyrfti á notendastýrðri persónulegri aðstoð að halda. Síðan fjölluðu þær um hugmyndafræðina „Sjálfstætt líf“ og í því samhengi um Sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en sá sáttmáli er lykillinn að því sem koma skal í málefnum fatl-



*Frá norrænu kvennaráðstefnu NKK að Sólheimum.*

aðra hér á landi á komandi árum. Að loknum erindum Freyju og Ágústu urðu allnokkrar umræður og fundarkonur vörpuðu fram spurningum og hugleiðingum sem fyrirlesarar leituðust við að svara eftir bestu getu.

Í febrúar var haldin fundur þar sem sagt var frá ráðstefnunni sem haldin var hér í Íslandi í lok septembermánaðar að Sólheimum í Grímsnesi.

Þann 4. mars var haldin NKK fundur í Reykjavík

Í mars fengum við svo Eirík Karl Smith meistaraneina og starfsmann á rannsóknarsetri í fötlunarfræði við Háskóla Íslandi með fyrirlestur sem nefnist „Fötlun og fegurð, líkamsímynd kvenna með sjáanlega skerðingu“ og var þessi fyrirlestur mjög áhugaverður en erfiður. Hann fjallaði um lélega sjálfsmynd fatlaðra kvenna.

Aðalfundur verður síðan haldinn 6. apríl kl 19:30 og er þá ætlunin að ræða framtíð kvennadeildarinnar.

Í maí ljúkum við svo vetrarstarfinu með því að fara út að borða .

Arnheiður Björnsdóttir

## Starfssemi RP deildar 2010 – 2011

Stjórn RP deildarinnar skipa; Sigbór U. Hallfreðsson formaður, Kristinn H. Einarsson gjaldkeri, Guðrún Skúladóttir ritari og Alexander Hrafnkelsson og Elín Bjarnadóttir meðstjórnendur.

Í júní 2010 sóttu fulltrúar Blindrafélagsins og RP deildarinnar ársfund og ráðstefnu RP International sem haldin var í Stresa á Ítalíu. Þessi ráðstefna er einstök í sinni röð að því leyti að þarna koma saman lærðir sem leikir til að hlusta á fremstu vísindamenn heimsins segja frá rannsóknum sínum á sviði augnsjúkdóma og augnlækninga. Á ráðstefnunni voru fjölmargir fyrirlestrar um allt frá fæðubótarefnum yfir í genalækningar og gervísjón. Enda spannar fræðasvið þessarar ráðstefnu vítt svið augnsjúkdóma og segja má að efni ráðstefnunnar eigi með einum eða öðrum hætti snertiflöt við að minnsta kost 80-90% félagsmanna blindrafélagsins.

Í ágúst sá RP deildin um ársfund norrænu RP samtakanna sem að þessu sinni var haldinn hér á landi. Á sama tíma var haldið þing norrænu augnlækna-



samtakana og tóku norrænu RP samtökin þátt í málstofu um RP á þinginu m.a. með því að skaffa fyrirlesara og taka þátt kostnaði við þá.

Í tengslum við norræna fundinn og ráðstefnuna var haldinn félagsfundur hjá deildinni þar sem farið var yfir það helsta sem er að gerast á sviði rannsókna á RP. Gestir fundarins voru vísindamennirnir dr. Weng Thao og dr. Gery Chader.

Í október var haldinn annar félagsfundur og tækifærið gripið að fá dr. Weng Thao sem stödd var á landinu til að koma og skýra frá rannsóknum sínum og möguleikum á að Íslendingar taki þar þátt.



*Dr. Weng Thao og dr. Gery Chader.*

Í febrúar síðastliðnum stóð RP deildin fyrir video-kvöldi þar sem sýnd var mynd frá bresku RP samtökunum og á eftir voru umræður um efni myndarinnar.

Til að ná til RP fólks sem ekki er skráð í félagið og koma upplýsingum til þeirra jafnt og félagsmanna hafa upplýsingar um fundi á vegum deildarinnar verið send með aðstoð þjónustu og þekkingarmiðstöðvarinnar til allra sem þar eru á skrá með RP.

Á síðasta starfsár hefur RP deildin sem fyrr staðið fyrir óformlegum fundi fólks á aldrinum 25-55. Markmiðið hefur verið að fólk á virkum vinnumarkaði, á líkum aldri og sem er á svipuðu róli hvað varðar sjónmissinn hittist og spjalli á óformlegum nótum um aðstæður sínar og reynslu. Einnig hefur verið horft til þess að þetta sé vettvangur til að ná til þeirra sem ekki eru ennþá tilbúnir að ganga í Blindrafélagið en eru með RP.

Sigþór U. Hallfreðsson formaður

## Starfssemi Norðurlandsdeildar

Fyrstu fundur ársins var Þorrafundur, haldinn í sal Lionsklúnnsins Hængs í Skipagötu 14. Maturinn kom frá Bautanum og smakkaðist hann vel eins og vanalega.

Næsti fundur var haldinn 31. mars á sama stað í Skipagötu 14. Kynnt var nýtt fyrirkomulag á styrktarmannakerfi Blindrafélagsins og einnig var rætt um talþjóna.

Þann 6. maí var svo farið í keilu. Þátttaka var mjög góð, eða um 30 manns og allir skemmtu sér ljómandi vel.

Engin starfsemi var hjá okkur yfir sumarið en fyrsti fundur vetrarins var haldinn 25. október í Skipagötu 14. Þar var rætt um starfið á komandi vetri.

Næsti fundur okkar var haldinn 24. nóvember og kom á þann fund Þóra Sigríður Ingólfssdóttir frá Blindrabókasafni Íslands og kynnti fyrir okkur þjónustu sem safnið veitir blindum og sjónskertum.

Jólafundur var haldinn 12. desember. Séra Hildur Eir bolladóttir flutti jólahugvekju. Rögnvaldur gáfaði Rögnvaldsson og Bergvin Oddsson fluttu gamanmál. Jólamat fengum við frá Bautanum og smakkaðist hann mjög vel að venju.

Ekki var fleira markvert gert á árinu.

Pálmi Stefánsson.

## Starfssemi Suðurlandsdeildar árið 2010

Fundir Suðurlandsdeildar voru haldnir eins og undanfarin ár í húsi Rauða krossins á Selfossi. Fundirnir voru haldnir síðasta mánudag hvers mánaðar yfir vetrarmánuðina að undanskyldum desember.

Janúarfundurinn var aðalfundur þar sem fyrri stjórn var endurkjörin. Stjórnina skipa; Guðrún S. Þórarinsdóttir, Erla Jakobsdóttir og Jóhanna Konderup.

Á fundinum voru til umræðu ferðapjónustumál en nýjustu fréttir af því máli voru þær að afnumdar höfðu verið fríar ferðir með strætó milli Reykjavíkur og Suðurlands. Rædd voru viðbrögð við þessum ákvörðunum og ákveðið var að ræða málið við bæjaryfirvöld og fara jafnframt fram á það við Blindrafélagið að fá afslátt af leigubílaferðum í Reykjavík. Ákveðið var að fá Klöru Hilmarsdóttur ráðgjafa Blindrafélagsins til þess að koma á næsta fund með samninga um afslátt á leigubílum hjá Hreyfli/Bæjarleiðum fyrir félagsmenn Suðurlandsdeildar sem þess óskuðu. Klara kom síðan á fund í febrúar með samningana meðferðis.

Næstu vikurnar fóru í samningaviðræður við bæjarstjórn og þáverandi bæjarstjóra Ragnheiði Hergeirsdóttur um ferðaþjónustumál. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú að fríum ferðum með strætó milli Suðurlands og Reykjavíkur var komið á aftur eins og samþykkt hafði verið af Strætó bs., og fulltrúa bæjarráðs á fundi hjá okkur árið áður. Félagsmenn Blindrafélagsins geta því ferðast frítt með strætó gegn framvísun félagsskírteins milli Reykjavíkur, Hveragerðis og Selfoss á sama hátt og innan Reykjavíkur.

Aprílfundurinn féll niður vegna þess að húsið var upptekið.

Síðasti fundur vetrarins var maí fundurinn og var samþykkt hvíla umræður um ferðamál í bili.

Hauststarfið hófst síðan í september og var á fyrta fundi ákveðið að fara í heimsókn í Opið hús hjá Blindrafélaginu í Reykjavík. Ferðin var síðan farið 2. nóvember og byrjað á því að heimsækja Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga þar tekið var vel á móti hópnum. Þá var haldið í heimsókn í verslun Blindrafélagsins þar veittar voru upplýsingar um þau hjálpartæki sem félagið hefur til sölu. Eftir það var snæddur hádegisverður í mötuneyti Blindrafélagsins og notið fræðslu og skemmtunar fram eftir degi í Opnu húsi.

Nóvemberfundurinn var jólafundur og þar með var starfsemi ársins búin.

Guðrún S. Þórarinsdóttir, formaður

## **Starfssemi bókmenntaklúbbsins veturinn 2010 til 2011**

Bókmenntaklúbbur Blindrafélagsins blómstraði sem fyrr á sínu sjötta starfsári. Níu til tíu manna hópur hittist reglulega fyrsta og þriðja þriðjudaginn í hverjum mánuði og lásu saman átta ólíkar bækur og hlustuðu á eitt leikrit saman. Oft spunnust fjörugar og skemmtilegar umræður þegar félagarnir skiptust á mismunandi skoðunum um bækurnar.

Eins og fyrri ár voru samskiptin við Blindrabókasafn Íslands sérlega ánægjuleg og þjónustan skjót og góð.

Brynja Arthúrsdóttir

## Ferðanefnd 2010 – 2011

Á síðasta aðalfundi Blindrafélagsins 2010 var stofnuð Ferðanefnd Blindrafélagsins. Í nefndina voru kjörin: Sigurjón Einarsson, Aldís Magnúsdóttir, Ragna Ragnarsdóttir síðar bættist svo Þorkell Jóhann Steindal í nefndina að ósk stjórnar Blindrafélagsins.

Nefndin hefur staðið fyrir tveimur ferðum fram til þessa og fyrirhugar eina nú í maí komandi.

Dagana 4. til 8. október 2010 fór 12 manna hópur á Unaðsdaga í Hólminum. Hér nutum við dagskrár sem Hótel Stykkishólms bauð uppá: Gisting frá mánudegi til föstudags, morgunmaturlaun og þriggja rétta kvöldverður alla dagana, einn hádegisverður af hlaðborði, frítt í sund og sundleikfimi, gönguferðir og menningarferð um söguslóðir og náttúruperlur Snæfellsness. Öll kvöldin var dagskrá s.s. bingó, spilavist, skemmtidagskrá, dans o.fl. Allir voru duglegir að taka þátt í skemmtuninni, skemmtu sér vel ok komu ánægðir til baka.



*Félagar í London.*

Föstudaginn 19. nóvember 2010 hélt 15 manna hópur frá Blindrafélaginu á vit ævintýrana í Lundúnaborg. Við gistum í þrjár nætur á hótel Holiday Inn Express City sem eins og nafnið segir er staðsett í viðskiptahverfinu City. Dvölin í Lundúnum var ekki með neinni dagskrá heldur gerðu menn það sem þeim langaði til versluðu, heimsóttu vini, skoðuðu bæinn og þess háttar. Síðasta kvöldið snæddum við þó saman á afar skemmtilegum ítölsk-



*Sigurjón Einarsson á góðri stund.*



*Frá Snæfellsnesi.*

um jass stað, Luna, stutt frá hótelinu og höfðum þar indæla stund saman. Við lentum svo í Keflavík upp úr hádegi mánudaginn 22. Nóvember.

Nú vinnur ferðanefnd að Eyjaferð seinni hlutann í maí 2011. Um verður að ræða eins eða tveggja daga ferð og miðum við að Herjólfur verði farinn að sigla frá Landeyjahöfn.

Að lokum þakkar ferðanefnd félögum í Blindrafélaginu fyrir góðar mót-tökur og vill geta þess að ferðir eru ekki farnar án farþega.

f.h Ferðanefndar Blindrafélagsins, Sigurjón Einarsson

## Skemmtinefnd 2010 – 2011

Á síðasta aðalfundi Blindrafélagsins voru eftirtaldir kjörnir í skemmtinefnd: Sigurjón Einarsson, Grímur Þóroddsson og Jóna Garðarsdóttir

Starfið var með nokkuð hefðbundnum hætti og var staðið fyrir jólahlaðborði og þorrablóti en að auki stóð nefndin fyrir sólstöðugöngu.

**Sólstöðuganga Blindrafélagsins.** Á starfsárinu var boðið upp á sólstöðugöngu á sólstöðum 21. júní 2010 og vorum við átta sem tókum þátt og héldum frá Hamrahlíðinni og upp að tönkunum í Öskjuhlíð. Á leiðinn var farið í léttu spurningar-



*Sólstöðuganga í Öskjuhlíð.*

keppni og fræðst lítilhátar um Öskjuhlíðina og næsta nágrenni. Lítið bar á aðal persónunni, sólinni, en við sáu smá sólroðablett yfir Skaganum eins og, vonandi, má sjá á meðfylgjandi mynd.

**Jólagleði Blindrafélagsins** var haldin laugardaginn 4. desember 2010

Húsið opnaði kl 18:30 og borðhald hófst um kl 19:00. Í ár breyttum við til og vorum ekki með hlaðborð eins og vant er (sjá matseðil hér að neðan) og tókst það vel.

Á milli rétta skemmti Föruneyti G.H. okkur með jólalögum og frumsaminni tónlist. Að loknu borðhaldi spilaði svo Ingvar Hólmgeirsson fyrir dansi ásamt þeim Rúnu og Valda. Einnig kom fram ung dóttir Sigþórs Unnsteins H.



*Föruneyti Gísla Helgasonar spilar á jólagleði.*

Matseðill kvöldsins var svohljóðandi: Forréttur sem samanstóð af 5 réttum: Jólasíld, karrýsíld og rauðrófusíld, sveitapáte með rauðrófucompat og hangikjöt með kartöflusalati. Aðalrétturinn var svo: Dönsk purusteik með rjómasósu, brúnuðum kartöflum og rauðkáli og að lokum desert: Rís a la mande með möndlu. Að því loknu bauð svo skemmtinefnd upp á kaffi og konfekt.

Maturinn kom frá Stefáni Stefánssyni á Just Food to go (áður á Rauðará). Þátttakendur voru um 70.

Porrablót Blindrafélagsins var haldið laugardaginn 12. febrúar 2011 og opnaði húsið kl 18:30.

Porramaturinn kom, eins og vant er, frá honum Stefáni á Just Food to Go á Laugarásveginum og einnig var á boðstólum eitthvert góðmeti fyrir þá sem ekki líkaði porramaturinn. Gestir voru um 60 talsins.

Stefán var nú sennilega að færa okkur porramatinn í 35. sinn.

Formaður skemmtinefndar setti hófið upp úr klukkan sjö og fól Óla Bein. veislustjórnina.

Tónlistarþjónustufyrirtækið Raddir Reykjavíkur sáu um dagskrá kvöldsins en það eru: Ólafur Beinteinn Ólafsson sem var blótsstjóri. Hann stýrði hófinu og lék á píanó og harmónikku. Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópransöngkona og Stefán Helgi Stefánsson tenór, eða Hjaltested/Íslandi dúettinn, en þau önnuðust söngatriði við undirleik Ólafs Beinteins.

Dagskráin var samspil hljóðfæra-  
sláttar, einsöngs, dúetta, fjölda-  
söngs, gamanmála og auðvitað var  
dansinn svo stigin fram í nóttina.

Skemmtinefnd vill að lokum þakka  
félagsmönnum Blindrafélagsins fyrir  
ánægjulegt samstarf.



*Porramaturinn góði.*

f.h. Skemmtinefndar,  
Sigurjón Einarsson

## Tómstundanefnd

Tómstundarnefnd hittist nokkrum sinnum yfir starfsárið vegna undirbún-  
ings vetrarstarfsins. Nefndin stóð fyrir nokkrum námskeiðum fyrir áramót,  
tveimur í handavinnu, einu í leirmótun, einu í skartgripagerð og þremur  
námskeiðum í glerbræðslu.

Eftir áramót voru síðan tvö handavinnunámskeið . Námskeið í leirmótun  
féll niður vegna dræmrar þátttöku. Fyrirhugað er glerbræðslunámskeið  
með vorinu. Einnig stóð nefndin fyrir tveimur bingóum fyrir áramót og  
tveimur eftir áramót.

Bæði námskeiðin og bingóin voru vel sótt.

Þökkum við öllum þeim sem mætt hafa í bingó og námskeið kærlega fyrir  
starfið í vetur.

f.h. tómstundanefndar, Elín, Harpa, Kolbrún og Lilja

## Námssjóður Blindrafélagsins

Styrkir úr Námssjóði Blindrafélagsins eru veittir tvisvar á ári til allra þeirra  
félagsmanna sem stunda nám við viðurkenndar menntastofnanir. Styrkur-  
inn er hugsaður sem hvatning til náms með það í huga að létta fjárhags-  
lega undir með styrkþegum í undirbúningi þeirra að bættum lífskjörum.

# Sjóðurinn Blind börn á Íslandi

Styrkir úr sjóðnum Blind börn á Íslandi eru veittir börnum að 18 ára aldri vegna atburða eða hluta sem ekki eru styrktir af opinberu fé. Styrkirnir eru veittir tvisvar á ári og eru þetta oftast styrkir til hljóðfærakaupa, leiktækja og tölvukaupa. Árið 2005 stofnaði sjóðurinn Leikfangasafn sem komið var fyrir í vörslu Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga. Leiktæki og leikföng sem ætluð eru til sjónörvunar barna eru dýr og endast börnum í stuttan tíma. Markmið sjóðsins er að kaupa ný leikföng og leiktæki einu sinni á ári í framtíðinni í þeirri von að sjóðurinn megi verða fleiri blindum og sjónskertum börnum og fjölskyldum þeirra til gagns og gleði á komandi tímum. Sjóðnum Blind börn á Íslandi berast árlega rausnarlegar gjafir sem tryggja að sjóðurinn getur áfram styrkt við bakið á völdum verkefnum í þágu blindra og sjónskertra barna.

Á vordögum 2010 var haldin Fjölskyldudagur á Sólheimum í Grímsnesi þar sem börn og fullorðnir fengu viðfangsefni við hæfi og allir þátttakendur gátu notið þess að vera saman við leik og störf á uppbyggilegan hátt. Árleg Aðventuhátíð var haldin í desember síðastliðinn og var þátttaka að venju mjög



*Tekið á móti styrk frá Leonard.*

góð. Stefnt hafði verið að því að halda sérsniðið skíðanámskeið í Bláfjöllum fyrir blind og sjónskert börn en snjóleysi hefur hamlað framkvæmdum fram að þessu. Áfram verður þó stefnt að því að skapa blindum og sjónskertum börnum tækifæri á skíðakennslu á komandi mánuðum.

## Skipulagsskrá – „Stuðningur til sjálfstæðis“

Eftirfarandi skipulagsskrá sjóðsins var samþykkt á stjórnarfundum í Blindrafélaginu 20. apríl 2011. Hún var síðan send til lögmanns félagsins; Lúðvíks Arnar Steinarssonar hrl. til lokayfirlestrar. Hún mun taka gildi þegar hann hefur farið yfir textann og sjóðurinn verið skráður hjá hlutaðeigandi yfirvaldi.



# Stuðningur til sjálfstæðis – styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi

## 1. grein

Sjóðurinn heitir *Stuðningur til sjálfstæðis – Styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi*. Sjóðurinn er stofnaður 23 mars 2011 með fimmtán milljóna króna afmælisgjöf frá Blindravinafélagi Íslands til Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, í tilefni af 70 ára afmæli Blindrafélagsins þann 19. ágúst 2009.

Þá tekur sjóðurinn við Menntunarsjóði til blindrakennslu, er stofnaður var 3. maí 2007 til að styrkja fagfólk til sérnáms sem tengist kennslu og þjónustu við blindra og sjónskerta einstaklinga, og falla allar eignir Menntunarsjóðsins til þessa sjóðs við stofnun, jafnframt því sem sjóðurinn yfirtekur allar skuldbindingar Menntunarsjóðsins.

Námssjóður blindra rennur einnig inn í sjóðinn sem og allar hans eignir. Eftirstöðvar af fjárföfnun Ungblindar, sem hefur verið nýtt til hjálpartækjastyrkja, rennur einnig inn í sjóðinn.

Sjóðurinn er eign og í vörslu Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, kt. 470169-2149.

## 2. grein

Tilgangur sjóðsins er að veita:

- A. Náms-, ferða- og ráðstefnustyrkir til fagfólks sem starfa með blindum og sjónskertum einstaklingum, eða að hagsmunamálum þeirra .
- B. Náms-, ferða-, endurhæfingar- og ráðstefnustyrki til félagsmanna Blindrafélagsins.
- C. Styrki til félagsmanna Blindrafélagsins til kaupa á hjálpartækjum og öðrum mikilvægum búnaði.
- D. Verkefnastyrkir til verkefna sem eru hagsmunum blindra og sjónskertra til framdráttar.

Nánari skilgreiningar og reglur skulu settar í úthlutunarreglum fyrir hvern og einn styrktarflokk.

## 3. grein

Stofnframlag sjóðsins er:

- |   |                      |
|---|----------------------|
| • Afmælisgjöf Blindravinafélags Íslands til Blindrafélagsins á 70 ára |                      |
| • afmæli þess þann 19 ágúst 2009 (15.000.000) nú:                     | kr. 16.126.727       |
| • Eignir Menntunarsjóðs til blindrakennslu,                           | kr. 10.270,000       |
| • Eignir Námssjóðs blindra  | kr. 5.893.000        |
| • Eftirstöðvar söfnunar Ungblindar                                    | kr 4.524.000         |
| • <b>Samtals</b>  | <b>kr 36.813.727</b> |

Allir upphaflegir fjármunir sjóðsins og framtíðar tekjur skulu frjálssar til úthlutunar samkvæmt mati stjórnar sjóðsins hverju sinni og eftir því sem þessi skipulagsskrá kveður á um. Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

1. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
2. Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.
3. Gjafir og erfðarfé sem renna til sjóðsins.

Sjóðinn skal ávaxta innan á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma. Ekki má við ávöxtun sjóðsins taka áhættu sem gæti haft neikvæð áhrif á tilgang sjóðsins. Ákvarðanir

um ávöxtunarleiddir skul teknar af stjórn sjóðsins og lagðar fyrir stjórn Blindrafélagsins til staðfestingar.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtast með reikningum Blindrafélagsins og vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða Ríkisendurskoðun.

#### 4. grein

Stjórn Blindrafélagsins skipar í stjórn sjóðsins, sem skal skipuð 5 einstaklingum. Leitað skal tilnefninga frá Blindrabókasafninu, Blindravinafélagi Íslands, frá Háskóla Íslands eða annarri sambærilegri stofnun og Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblind einstaklinga. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn Blindrafélagsins er ekki skylt að fara að tilnefningunum við skipun í sjóðsstjórnina.

#### 5. grein

Stjórn sjóðsins skal gera tillögu að úthlutunarreglum fyrir hvern styrktarflokk sem staðfestar skulu af stjórn Blindrafélagsins, sama á við um breytingar á úthlutunarreglum. Stjórnin skal jafnframt gera tillögu um heildarupphæð til úthlutunar fyrir hvert almanaksár og hvern styrktarflokk sem jafnframt skal staðfestast af stjórn Blindrafélagsins.

#### 6. grein

Styrki skal veita úr sjóðnum eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skulu þeir auglýstir opinberlega. Umsóknir um styrki skulu stílaðar á Styrktarsjóðinn, en stjórninni er heimilt að hafna umsóknum sem hún telur ekki fullnægja skilyrðum til úthlutunar. Við úthlutun skal geta aðildar Blindravinafélags Íslands að Styrktarsjóðnum. Stjórnin ákveður upphæð styrkja sem mega vera breytilegir.

Blindrafélagið skal leggja stjórn sjóðsins til starfsmann eftir þörfum.

#### 7. grein

Breytingar á stofnskrá þessari skulu samþykktar af stjórn Blindrafélagsins og þurfa 5 af 9 aðal og varamönnum að vera samþykkir breytingatillögu til að hún öðlist gildi. Stjórn sjóðsins getur lagt til breytingar og skulu þær tillögur teknar til afgreiðslu innan stjórnar Blindrafélagsins.

#### 8. grein

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumanns skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að vera gerðar á henni.

#### 9. grein

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á stjórnarfundum Blindrafélagsins 20 apríl 2011.

# Blindravinnustofan

## Meginstarfsemi félagsins

Markmið Blindravinnustofunnar er að veita blindum og sjónskertum atvinnu, samhliða þjálfun og endurhæfingu sem eykur færni til þátttöku á vinnumarkaði. Blindravinnustofan starfar sem verndaður vinnustaður samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið.

Starfsemi Blindravinnustofunnar felst einkum í pökkun og sölu hreingerningarvara undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Einnig er pakkað vörum fyrir önnur fyrirtæki og stofnanir. Daglegt starf starfsmanna felst því í samsetningu, flokkun, talningu, merkingu og pökkun. Á árinu var jafnframt gerð tilraun til að auka fjölbreytni verka og tekjuöflunar með því að bjóða upp á rafræna skönnun.

## Starfsemin á árinu

Rekstur Blindravinnustofunnar var ekki fjárhagslega viðunandi á árinu 2010 þar sem verulegt tap var á starfseminni. Þessi staða varð fyrirsjáanleg um mitt ár og var þá brugðist við með ýmsum aðgerðum sem bæði er ætlað að auka tekjur og lækka kostnað.

Þar á meðal var hafin vinna við stefnumótun sem vonast er til að skili sér í fjölbreyttari verkefnum fyrir starfsmenn og auknum tekjum fyrir Blindravinnustofuna. Búið var til módel fyrir verðlagningu og í framhaldi voru öll verð endurskoðuð. Sú endurskoðun leiddi í ljós hvar leggja þarf áherslu í hagkvæmari innkaupum. Einnig var í lok ársins gengið frá ráðningu sölumanns. Heimasíða var hönnuð og sett í loftið og neytendur voru minntir á Blindravinnustofuna með auglýsingum.

Jafnframt var markvisst byrjað á aðgerðum sem ætlað er að lækka kostnað til skemmri og lengri tíma, þ.á.m. var samningur um dreifingu á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum endurgerður og endurskoðun átti sér stað á innkaupum, innflutningi og birgðahaldi. Upplýsingar í birgðabókhaldi voru yfirfarnar og leiðréttar, en ýmsar misfærslur höfðu átt sér stað frá því kerfið var sett upp árið 2003 sem leiddi til þess að ekki var hægt að treysta ákveðnum upplýsingum úr kerfinu. Þessar leiðréttingar höfðu áhrif á fjárhagslega niðurstöðu ársins, m.a. á upplýsingar um birgðavirði og innkaupavirði og þar með hagnað og tap ársins – og eru þær tölur því ekki fyllilega samanburðarhæfar við fyrri ár.

Aðgerðunum sem hér hefur verið lýst, og öðrum sambærilegum, verður haldið áfram á árinu 2011 og er stefnt á að rekstrarniðurstaða verði orðin jákvæði árið 2012.

Vörur vinnustofunnar voru seldar í öllum verslunum Haga, en einnig í Húsasmiðjunni, Nóatúni og 11-11. Bónus er sem fyrr stærsti einstaki viðskiptavinur Blindravinnustofunnar. Það samstarf hefur verið farsælt en með breyttu eignarhaldi á Bónus er augin áhætta fyrir Blindravinnustofuna að þau viðskipti breytist. Megintilgangur stefnumótunarvinnu er því að finna leiðir til að minnka þá áhættu.

Starfsemin á árinu 2010 var með hefðbundnum hætti. Starfsmenn voru 31 talsins á árinu, en flestir starfsmanna eru blindir, sjónskertir eða daufblindir, og meirihluti þeirra er með aðrar skerðingar líka.

### Stjórn og stjórnendur

Í upphafi ársins voru eftirtaldir í stjórn Blindravinnustofunnar: Kristinn H. Einarsson formaður, Ágústa Gunnarsdóttir, Halldór Sævar Guðbergsson, Sigpór U. Hallfreðsson,

Arnheiður Björnsdóttir. Skipt var um stjórn í apríl og tóku þá eftirfarandi við: Sigpór Hallfreðsson formaður, Ágústa Gunnarsdóttir, Elfa Hermannsdóttir, Halldór Sævar Guðbergsson og Hrönn Pétursdóttir.



*Starfsmenn Blindravinnustofunnar í jólakaffi.*

Björn Hermannsson tók við starfi framkvæmdastjóri í janúar 2010 og lét aftur af störfum í september 2010. Hrönn Pétursdóttir, stjórnarmaður Blindravinnustofunnar, tók þá tímabundið við starfinu eða meðan verið er að leiða fyrirtækið í gegnum rekstrarlega endurskoðun og stefnumarkandi breytingar.

Hrönn Pétursdóttir

# Stutt yfirlit yfir starfsemi Blindrabókasafns Íslands árið 2010

## Ný kerfi

Mikil orka fór í það að finna ný kerfi fyrir safnið. Margir fundir voru haldnir með Landskerfum bókasafna en niðurstaðan varð sú að ekki væri hægt að nota þau kerfi því þau eru ekki hönnuð með sérþjónustu, eins og fer fram á Blindrabókasafni í huga. Skrifað var undir samning um kaup á nýjum kerfum frá Prógramm ehf. og verða þau sett upp að vori 2011. Um leið verður tekið upp nýtt dreifikerfi á safninu. Niðurhal verður opnað fyrir alla sem þess óska og umferð um síðuna auðvelduð með uppsetningu ljósleiðara. Jafnframt verða geisladiskar sendir „on demand“ þannig að lánþegi fær disk sem hann pantar ýmist á neti eða í síma sendan heim en endursendir ekki heldur skuldbindur sig til að farga honum sjálfur. Þetta hefur marga kosti í för með sér. Biðlistar eftir bókum úr sögunni en þessi dreifingarmáti er jafnframt hagkvæmari fjárhagslega.



*Þóra S Ingólfssdóttir,  
forstöðumaður Blindrabókasafnsins.*

## Betri bókakostur

Átak var gert á árinu í „leiðréttingu“ bókakosts safnsins þannig að farið var markvisst yfir helstu höfunda og lesið það sem ekki var til. Sú slagsíða hefur verið á bókakostinum að ástar og ævisögur hafa verið ráðandi á kostnað annarra bóka. Þetta verkefni verður opið áfram eftir þörfum.

## Þjónusta við skólastig og kynningar

Blindrabókasafnið hefur áhuga á því að veita miðlæga þjónustu við öll skólastig á landinu og hafa miklar umræður og vangaveltur orðið um það. Rætt hefur verið við Námsgagnastofnun og Háskóla landsins en erfitt virðist vera að finna flöt á málinu. Næsta skref á Blindrabókasafni verður að framleiða bækur fyrir grunnskóla sem koma út á almennum markaði. Við teljum mikilvægt að nemendur kynnist Daisy tækninni sem allra fyrst. á námsbrautinni. Farið var í kynningarferðir á 33 staði víðsvegar um landið á árinu.

## E-bækur, full-text bækur.

Safnið hefur hafið undirbúning á framleiðslu e-bóka, sem eru í raun Daisy bækur án hljóðs. Auk þess eru nú framleiddar full-text eða HOT (hljóð

og texti) bækur sem eru bæði með hljóði og texta. Framleiðsla á slíkum bókum mun væntanlega aukast talsvert þegar nýr talgervill lítur dagsins ljós á næsta ári.

### Alþjóðleg samstarf

Blindrabókasafn Íslands á í mjög góðu samstarfi við blindrabókasöfn á Norðurlöndunum. Árið 2010 voru keyptar 500 bækur frá RNIB í Bretlandi og verða þær aðgengilegar um mitt ár 2011. Norðurlöndin deila reynslu sinni sín á milli og hefur það komið sér afar vel fyrir Blindrabókasafn Íslands sem hefur ekki burði eins og er til að vinna mikla þróunarvinnu.

Heildarfjöldi útgefinna bóka var 270, þar af voru 186 lesnar á safninu en aðrar voru ýmist fengnar með millisafnalánnum eða keyptar af almennum markaði.

Blindrabókasafnið var tilnefnt til Hvatningaverðlauna ÖBÍ síðla árs og var það afar ánægjuleg endurgjöf fyrir starfsfólk safnsins. Ný heimasíða leit dagsins ljós á árinu og jafnframt var tekið upp nýtt lógó. Næsta skref er að finna nýtt nafn á safnið og eru allar tillögur vel þegnar.

Þeir sem hafa áhuga á ítarlegri úttekt geta lesið ársskýrslu safnsins fyrir árið 2010 á heimasíðu safnsins [www.bbi.is](http://www.bbi.is)

Árið 2010 voru skráðir rúmlega 2000 nýir lánþegar á safnið. Skráðir lánþegar eru nú um 12000 en um 4200 eru virkir. Safninu var gert að skera niður um 8% á árinu samhliða því að sértekjur féllu mjög en þar sem beittur niður-skurður hafði verið gerður árið áður reyndist þetta auðveldara en ella.

Þóra S Ingólfssdóttir, forstöðumaður

## **Daufblindrafélag Íslands, Ársskýrsla 2010–2011**

Daufblindrafélag Íslands hefur aðsetur að Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.

Daufblindrafélag Íslands var stofnað þann 15. mars 1994. Tilgangur með stofnun félagsins var og er að vinna að hagsmuna- og menningarmálum daufblinds fólks.

Samkvæmt lögum Daufblindrafélagsins er það opið öllum daufblindum einstaklingum á Íslandi.

## Aðalfundur og stjórn

Þann 30. apríl 2010 var árlegur aðalfundur félagsins haldinn og tókst hann í alla staði mjög vel.

Á fundinum átti, samkvæmt lögum félagsins, að kjósa varaformann til tveggja ára, einn aðalstjórnarmann úr hópi styrktarféлага til tveggja ára og einn varamann stjórnar til tveggja ára.

Ágústa Gunnarsdóttir var einróma kjörin úr hópi styrktarféлага næstu tvö árin. Þórður Pétursson var einróma kjörin úr hópi aðalféлага til setu næstu tvö árin og Svanhildur Anna Sveinsdóttir var kjörin í varastjórn.

Stjórn DBFÍ skipuðu þá: Friðjón Erlendsson formaður, Bryndís Snæbjörnsdóttir varaformaður, Margrét Ríkarðsdóttir ritari, Þórður Pétursson meðstjórnandi og Ágústa Gunnarsdóttir gjaldkeri.

Í varastjórn sátu: Svanhildur Anna Sveinsdóttir og Kristjana Garðarsdóttir.

Friðjón Erlendsson formaður var fulltrúi DBFÍ í stjórn ÖBÍ og Bryndís Snæbjörnsdóttir varaformaður til vara.

## Stjórnarfundir

Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir og einn þeirra var símafundur.

## Starfsmannamál

Starfandi er hjá félaginu Hafdís María Tryggvadóttir í 50% stöðu. Hún er á skrifstofunni flesta virka daga milli klukkan 9-13.

## Félagsstarf

Frá haustinu 2010 og fram til vors 2011 hefur stjórn félagsins kappkostað að halda uppi öfluggu félagsstarfi innan félagsins. Í því skyni var ákveðið að standa fyrir einum viðburði í mánuði yfir vetrarmánuðina og þó það hafi ekki alveg gengið eftir var ýmislegt gert á starfsárinu. Meðal þess sem stjórn stóð fyrir voru fyrirlestrar, opið hús og hið árlega jólakaffi var haldið í desember og var það bæði fjölmennt og skemmtilegt.

## Samstarf við aðrar stofnanir

Daufblindrafélagið hefur átt gott samstarf við aðrar innlendar stofnanir sem koma með einhverjum hætti að þjónustu við daufblint fólk. Félagið hefur m.a. átt mikið og gott samstarf við ráðgjafa í málefnum daufblinds fólks á þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauf-

blinda einstaklinga. Þá hefur félagið átt gott samstarf við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og átt þar fundi um túlkamál o.fl.

Einnig tók félagið þátt í viðamikilli undirbúningsvinnu vegna tillögu að stofnun nýrrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda einstaklinga á vegum Velferðarráðuneytisins og Menntamálaráðuneytisins. Mikil vinna fór í þetta á haustmánuðum og úr varð mikil skýrsla um margt sem líta þarf til þegar verið er að horfa á málefni daufblindra einstaklinga. Nú er verið að klára skýrsluna um stofnun nýrrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda einstaklinga og er mikið af því sem lagt var upp með vegna daufblindra komið inn í þá skýrslu.

### **Erlend samskipti**

Formaður félagsins, Friðjón Erlendsson, sótti, ásamt túlki og aðstoðarmanni, formannafund norrænu daufblindrafélaganna (DBNSK) í Tusby í Finnlandi dagana 10. til 12. september 2010. Gekk sá fundur vel og einnig ferð formannsins.

### **Kynningarstarf**

Líkt og mörg undanfarin ár stóð félagið fyrir sölu á Viðskiptadagbók á haustmánuðum. Eins og í fyrra fylgdi dagbókunum sérútbúið kynningarblað þar sem starfsemi félagsins var kynnt fyrir kaupendum og þeir hvattir til að styðja félagið enn frekar. Ekki leikur vafi á að kynningarblaðið hefur haft þau áhrif að heimtur af sölu Viðskiptadagbókarinnar hafa verið mjög góðar.

### **Fjáröflun og rekstur**

Á haustmánuðum stóð félagið fyrir hinni árlegu dagbókasölu og gekk hún vel, sérstaklega ef miðað er við fjárhagslegt árferði á Íslandi.

Um 1.400 bækur seldust og óhætt er að segja að salan hafi skilað sér vel.

Félagið hefur nokkurn fjárhagslegan ávinning af sölunni, en hún er ekki síður til kynningar á félaginu. Í gegnum árin hefur myndast hópur fyrirtækja og stofnana sem kaupa dagbókina á hverju ári og láta frá sér heyra ef dagbókin berst þeim ekki. Daufblindrafélagið naut margra góðra styrkja á starfsárinu og ber að þakka þeim fjölmörgu sem styrktu félagið með einhverjum hætti.

Skal hér sérstaklega nefna Öryrkjabandalag Íslands og Blindrafélagið.



Síðasta starfsár hefur verið Daufblindrafélaginu nokkuð hagfelld, sérstaklega hvað varðar innra starf og þátttöku félagsmanna í starfi félagsins.

Mörg spennandi verkefni bíða félagsmanna og starfsmanns á næsta starfsári og þar sérstaklega að nefna vangaveltur um ábyrgð á opinberri þjónustu við daufblint fólk, en í tengslum við endurskipulagningu þjónustunnar við heyrnarlaust og heyrnarskert fólk mun hugsanlega verða einhver breyting á þjónustu við daufblint fólk í framtíðinni.

Hafdís María Tryggvadóttir tók saman.

## Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Árið 2010 var mjög viðburðaríkt og áhugavert hjá Miðstöðinni. Á skrá voru tæplega 1500 manns og voru þar af 73% eldri en 67 ára. Langstærsti notendahópur Miðstöðvarinnar er á aldrinum 86-89 ára. Þá voru 108 börn í reglulegri þjónustu, bæði hjá kennsluráðgjöfum og umferlis- og adl-ráðgjöfum. 171 notandi með samsetta sjón- og heyrnarskerðingu fékk þjónustu árið 2010 og Miðstöðin endurgreiddi hluta gleraugnakostnaðar til tæplega 4400 einstaklinga.



*Huld Magnúsdóttir, forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar.*

Hjá Miðstöðinni störfuðu á síðasta ári 28 starfsmenn í margskonar störfum, s.s. sjónfræðingar, kennsluráðgjafar, umferlis- og adl-ráðgjafar, félagsráðgjafi, tölvu- og tækniráðgjafar, sérfræðingar í gerð lesefnis, fræðslufulltrúi, augnsmiður, augnlæknir og skrifstofufólk. Hópurinn hefur víðtæka reynslu og þekkingu og vinnur vel saman í þeim málum og verkefnum sem unnið er að.

Almenn þjónusta við notendur tekur að sjálfsögðu mestan tíma starfsmanna og þess er gætt af fremsta megni að allir notendur fái þá þjónustu sem þeir þurfa eins fljótt og auðið er og helst í sínu umhverfi. Því var ákveðið á síðasta ári að ráðgjafar veiti eins mikla þjónustu og hægt er í skóla, á heimil, á vinnustað og almennt þar sem notendur þurfa á þjónustunni að halda en þurfi ekki að koma á Miðstöðina til að fá þjónustu og ráðgjöf. Þá var einnig tekið mikilvægt skref í átt að því að framfylgja betur lögum um

Miðstöðina sem gera ráð fyrir að hugmyndafræði Miðstöðvarinnar byggji á hugmyndafræði fötlunarfræðanna fremur en læknisfræði. Því er nú öllum notendum bent á að hafa sinn eigin augnlækni og fara í reglulega skoðun til hans en þó mun Miðstöðin halda áfram að sinna sjónmati og augnskoðunum eins og þurfa þykir.

Helstu verkefni og þjónusta sem Miðstöðin veitir er þjálfun í umferli og athöfnum daglegs lífs, sjónmat, útgáfa vottorða, félagsráðgjöf og upplýsingar um bætur, úthlutun og kennsla í notkun hjálpartækja, þjálfun og kennsla á tölvur, forrit og ýmsa tengda tækni, sérsníði gleraugna og smíði gervi- augna, framleiðsla á bókum, námsefni og almennu efni á punktalettri og stækkuðu lettri, endurgreiðslur vegna gleraugna, kennsluráðgjöf til skóla, barna og foreldra, og endurhæfing.

Málefni einstaklinga með samsetta sjón- og heyrnarskerðingu voru sérstaklega á dagskrá hjá Miðstöðinni árið 2010 og var um mikla uppsafnaða þörf að ræða. Unnið var fræðsluefni í þessum málaflokki og bæklingurinn „Að missa sjón og heyrn á efri árum, leiðbeiningar fyrir starfsfólk og aðstandendur“ var gefinn út og dreift á öll dvalarheimili í landinu. Þá er í vinnslu annar bæklingur sem heitir „Góð samskipti við aldraða með skerta sjón og/eða heyrn“. Sá bæklingur verður gefinn út mjög fljótlega. Þá var einnig unnið fræðsluefni sem fengið var frá Danmörku og er mjög yfirgripsmikið. Það efni, þýðing og staðfæring, er á lokastigum og verður gefið út fljótlega.

Miklar breytingar urðu á skipulagi, útgáfu og framleiðslu efnis á punktalettri og stækkuðu lettri á árinu þegar ákveðið var að athenda flestar bækur og námsefni á rafrænu formi til notenda. Er þetta mun skilvirkara ferli í framleiðslu og þægilegra fyrir notendur að geta unnið með efnið í tölvum eða stækkunarbúnaði. Þá varð aukning á framleiðslu efnis um 10% og árið 2010 voru afgreiddar 904 pantanir. Þá var tekið upp og kynnt nýtt punktaletur- skerfi sem heitir Robobrace en það hentar vel fyrir þá sem vilja senda texta á word-formi á netinu og fá textann til baka á punktalettri. Þetta fyrirkomulag er sérstaklega heppilegt fyrir skóla og hefur kerfið verið kynnt fyrir þeim. Að auki var unnið í staðli fyrir punktaletur og ákveðið að á þessu ári muni Miðstöðin innleiða Duxbury-forritið sem framleiðsluforrit í punktalettri.

Mörg sérverkefni voru unnin á árinu og fjöldinn allur af námskeiðum haldinn. Unnið var í sérstakri þroskamöppu sem ætluð er foreldrum ungra barna og verður henni dreift seinna á þessu ári. Þá voru haldin 17 námskeið og fyrirlestrar auk fjölda fyrirlestra og kynninga sem voru haldnar bæði

á Miðstöðinni og utan hennar. Dagur hvíta stafsins var haldinn með pompi og prakt í samvinnu við Blindrafélagið og tókst mjög vel en fjöldinn allur af fólki kom saman og gekk niður Laugavegin og fékk sér kaffi í Oddfellow-húsinu í Vonarstræti.



*Notendum kennt að nota tækin.*

Reglugerð um úthlutun hjálpartækja var samþykkt í mars 2010 af félags- og tryggingamálaráðherra, Árna Páli Árnasyni. Reglugerðin er mikill ávinningur í réttindabaráttu blindra, sjónskertra og daufblindra og Miðstöðin fagnar mjög að reglugerðin hafi nú tekið gildi.

Efling atvinnuþátttöku og endurhæfing var sérstakt markmið árið 2010 og í því miði var farið af stað með verkefni í samvinnu við Blindrafélagið þar sem opnuð var endurhæfingaríbúð í Hamrahlíð 17. Hæfing og endurhæfing blindra og sjónskertra einstaklinga til að gera þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi og halda eigið heimili er mjög þarft verkefni. Þetta á ekki síst við um ungt fólk sem öðlast tækifæri til að spreyta sig á að flytja að heiman og búa eitt. Meginmarkmiðið með búsetuendurhæfingu er að einstaklingar öðlist færni við að halda heimili og fái til þess einstaklingsmiðaða þjálfun og kennslu.

Í júní var svo haldið sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Námskeiðið tókst vel í alla staði og bæði börn og leiðbeinendur skemmtu sér mjög vel. Ýmislegt var gert á námskeiðinu, m.a. útbúin veisla fyrir foreldra og aðstandendur og farið var í fjöruferð. Meðfylgjandi myndir sýna stemninguna sem ríkti í fjöruferðinni og það er greinilegt að allir skemmtu sér konunglega.

Miðstöðin átti á síðasta ári einstaklega gott samstarf við hagsmunasamtök og er þakklátt fyrir hlýhug og skemmtilegt og uppbyggilegt samstarf við Blindrafélagið. Starfsmenn Miðstöðvarinnar hlakka til áframhaldandi góðs samstarfs.

Huld Magnúsdóttir, forstjóri.

